

# SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1980  
REYKJAVÍK 1981

*Setning, prentun, bókband:*  
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.



## EFNISYFIRLIT

<b>Skýrsla bankastjórnar</b> . . . . .	<b>5</b>
Yfirlit yfir þróun efnahagsmála . . . . .	5
Framleiðsla, tekjur og verðlag . . . . .	12
Greiðslujöfnuður og gjaldeyrismál . . . . .	19
Fjármál ríkissjóðs . . . . .	27
Peningamál . . . . .	33
Fjárfestingarlánasjóðir og lífeyrissjóðir . . . . .	42
Gengismál . . . . .	47
Erlend mál og samningar . . . . .	50
Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð . . . . .	52
Ýmislegt um starfsemi bankans, löggjöf og fleira . . . . .	57
Stjórn bankans og starfslið . . . . .	62
<b>Reikningar 1980</b> . . . . .	<b>64</b>
Efnahagur 31. desember 1980 . . . . .	64
Rekstrarreikningur árið 1980 . . . . .	66
Skýringar við ársreikninga . . . . .	68
Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs 31. des. 1980 . . . . .	70
Skýringar við ársreikning Ríkisábyrgðasjóðs . . . . .	72
<b>Tölur</b> (sjá yfirlit á næstu síðu) . . . . .	<b>73</b>

## TÖFLUYFIRLIT

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun	73
2. tafla. Vísitölur verðlags	74
3. tafla. Fjármunamyndun	75
4. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd 1976—1980	76
5. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd. Ársfjórðungsyfirlit 1979—1980	77
6. tafla. Staða þjóðarbúsins út á við	77
7. tafla. Gjaldeyrisstaða bankanna	78
8. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun	78
9. tafla. Útflutningur. Skipting á helstu vöruflokka	79
10. tafla. Út- og innflutningsverð og viðskiptakjör	79
11. tafla. Vísitala meðalgengis erlendra gjaldmiðla	79
12. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum	80
13. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs	81
14. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum	81
15. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málefnaflokkum	82
16. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir tegundum	82
17. tafla. Seðlar og mynt	82
18. tafla. Skipting seðla og myntar eftir stærð í árslok	83
19. tafla. Ávisanaskipti	83
20. tafla. Vextir af innlendum gjaldeyrisreikningum í innlánsstofnunum	83
21. tafla. Úr peningamálum	84
22. tafla. Úr reikningum Seðlabankans	85
23. tafla. Innlán og útlán innlánsstofnana	86
24. tafla. Lánaflokkun innlánsstofnana	87
25. tafla. Samandregið greiðsluyfirlit fjárfestingarlánasjóða	87
26. tafla. Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða	88
27. tafla. Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða	88
28. tafla. Samandregið greiðsluyfirlit einstakra fjárfestingarlánasjóða 1980	89
29. tafla. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða	89
30. tafla. Efnahagsreikningur Seðlabankans 1974—1980	90
31. tafla. Úr reikningum lánastofnana	92
32. tafla. Gengi erlendra gjaldmiðla skv. skráningu Seðlabankans	93
33. tafla. Vextir á helstu flokkum inn- og útlána í bankakerfinu	94

# SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

## I. YFIRLIT YFIR ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

### Viðspyrna í verð- bóluskriðunni

Árangur efnahagsstarfseminnar hér á landi á árinu 1980 má teljast viðunandi með tilliti til stöðnunar og jafnvel afturkipps í efnahagsmálum umheimsins. Þjóðarframleiðslan fór áfram hægt vaxandi og versnandi viðskiptakjör eyddu þeim árangri ekki að fullu, svo sem var árið áður. Rauntekjur þjóðarbúsins urðu þannig nánast óbreyttar á mann. Aðlögun lífskjara að áföllunum á undan hlaut þó að halda áfram og leiða til nokkurrar frekari skerðingar á kaupmætti launa og ráðstöfunartekna almennings, enda hélst einkaneyslan óbreytt í heild og fór þannig minnkandi á mann. Viðskiptahallinn jókst talsvert, en varð þó ekki meiri en almennt með þróuðum þjóðum, ekki síst ef jafnframt er tekið tillit til aukinnar fjárfestingar og hás hlutfalls hennar af þjóðarframleiðslu. Lántökur erlendis fóru af þeim sökum allmjög vaxandi, en það innstreymi skilaði sér að verulegum hluta í bættri gjaldeyrisstöðu. Komu í því fram áhrif af aðgerðum og aðhaldi í opinberum fjármálum og peningamálum, er leiddu til endurgreiðslu ríkisskulda við Seðlabankann og mikillar sparifjármyndunar, en í því tilviki var vaxandi verðtrygging sparifjár og lánsfjár helsti áhrifavaldurinn. Verðbólgan var sem fyrr meginvandamálið, er hafði forgang um stefnumótun og aðgerðir stjórnvalda. Varð olíuverðhækkunin og alþjóðleg verðbólga mjög til að magna þann víxlgang kaupgjalds og verðlags, sem haldist hefur óslitið frá kaupsprengingunni 1977 þrátt fyrir ítrekaða viðleitni til þess að taka ytri áhrif út úr vísitölunni. Á síðari hluta ársins bættust við hækkunaráhrif nýrra almennra kjarasamninga, en stefnumótun nýrrar ríkisstjórnar í þessum efnunum dróst á langinn og kom fram í mynd bráðabirgðalaga og efnahagsáætlunar á gamlársdag. Aðgerðirnar og áhrif þeirra heyra þannig hinu nýja ári til, en aðdragandi þeirra varð fremur til þess að ýkja mynd verðbólguframvindunnar á árinu, sem þannig varð rétt við 60%-markið eins og árið áður.

### Varanleg umskipti á alþjóðavettvangi

Verulegar breytingar virðast hafa orðið í grundvallaratriðum á alþjóðlegri efnahagsþróun á fyrri hluta nýliðins áratugar. Rætur þeirra breytinga liggja í hægfara áhrifum hins langa hagvaxtarskeiðs



frá stríðslokum. Þeirri þróun hafa fylgt umbreytingar í atvinnu- greinaskiptingu þjóða og heimshluta, og hún hefur í veigamiklum atriðum mótað þróun félagsmála og stjórnmála innan einstakra þjóðlanda sem á alþjóðlegum vettvangi. Síðast en ekki síst hefur þessi þróun gengið nærri takmörkuðum auðlindum, einkum olíu- forða jarðar. Skil langtímaþróunar má setja við mörk áratuganna, þegar hækkun hrávöruverðs og alþjóðleg verðbólga magnaðist mjög og rótgróin skipan alþjóðlegra gengis- og gjaldeyrismála lenti í upp- lausn, en þau eru einnig sett milli árunna 1973 og 1974, þegar ört vaxtarskeið var á enda og olíuverð tók stökkbreytingu, sem olli að kalla má kollsteypu í greiðslujöfnuði og gjaldeyrismálum þjóða heims og hafði gjörtæk áhrif á hagstjórnarhætti og efnahagsástand. Endurtekning stökkhækkunar olíuverðs árin 1979—80 og sá efna- hagssamdráttur, er hún hefur valdið í bæði skiptin beint og óbeint, torveldar mat þess, í hverjum mæli grundvallarbreytingar hafi átt sér stað, sem setja muni mót sitt á efnahagsþróunina fram á við, eða í hverjum mæli er um að ræða sveifluhegðun, sem ná megi styrkari tókum á. Hagvöxtur OECD-landanna á ári var að jafnaði 5% á ár- unum 1960—73, en aðeins 2,7% á árunum 1974—79. Sama máli gegnir um atvinnu- og framleiðsluþróun, að þar horfir allt til óhagstæðari áttar. Framleiðsla sjö helstu landanna jókst um 3,8% á mann árin 1964—73, en á árunum 1974—81 er aukningin áætluð aðeins 1,6% á mann. Að vísu er talin vera sama árlega aukning atvinnumagns, 1,1% á ári á báðum tímabilunum, en hrekkur æ skemmra til þess að taka við stækkandi árgöngum og vaxandi hlut- fallslegri atvinnuþátttöku. Skráð atvinnuleysi hefur því farið vaxandi, var 2,9% af mannafla árin 1960—69 og 3,6% árin 1970—79, en tók stökk milli 1974 og 1975 og nam 5,2% árin 1975—79. Enda þótt skráð atvinnuleysi sé tæpast fyllilega sambæri- legt yfir svo langan tíma með vaxandi félagslegum réttindum og nýtingu þeirra, er hér marktækur munur á. Hefur hver hagsveifla skilað atvinnuleysi og verðbólgu á hærra stig en áður. Árleg verð- bólga OECD-landanna var 3,3% á sjöunda áratugnum, en 8,5% á árunum 1971—76 og hafði náð 12,5% yfir ár til september 1980, að vísu þá hnígandi. Hefur þetta sett mark sitt á hærri vexti og meiri sveiflugang þeirra en áður hefur átt sér stað, svo og valdið miklum hræringum í gengisþróun.

### Oliuhagsveiflan

Núverandi hagsveifla á í meginatriðum rót sína að rekja til olíuverðhækkunarinnar, sem nam nálægt 150% frá ársbyrjun 1979 til miðs árs 1980. Hlutfallslega varð hækkunin um helmingur þeirrar, er varð árin 1973—74, en sökum herra verðlags fyrir síðari hækkunina urðu bein áhrif mjög svipuð að tiltölu við heildarfram- leiðslu OECD-landanna. Nemur beint tekjutap þeirra af hækkuninni um 2 1/4% framleiðsluverðmætis. Þróuð lönd voru nú betur viðbúin

að mæta þessu áfalli heldur en í fyrra skiptið, meðfram vegna þess að uppsveifla framleiðslu og eftirspurnar var enn í gangi. Eigi að síður hafði áfallið beinar samdráttarverkanir á eftirspurn og framleiðslu, sem metin eru til 4 1/2%. Olíukaupalöndin brugðust ekki aðeins við vandanum með aðgerðum á sviði orkubúskapar, heldur einnig með almennum fjármálaaðgerðum í aðhaldsátt, og eru áhrif þeirra áætluð 2% að auki, þannig að alls eru samdráttaráhrif olíuhækkunarinnar milli árana 1978 og 1981 metin til 6 1/2% lægra framleiðslustigs en ella. Raunar áttu áhrif þessi samleið með viðleitni stjórnvalda í helstu iðnríkjunum til þess að hamla á móti eftirspurnarþenslu og verðbólgu myndun með takmörkun peningamagns og útlána. Síðustu árin hefur mest áhersla verið lögð á stjórntæki almennrar eftirspurnar, en óvída á beina tekjustefnu, þ.e. leiðbeinandi eða þjóðandi íhlutun um ákvörðun launa og annarra tekna, meðfram sökum takmarkaðs árangurs af þeim í síðustu tilraunum. Afleiðing alls þessa varð stöðnun og síðan verulegur samdráttur iðnaðarframleiðslu, fyrst í Bandaríkjunum og Bretlandi árið 1979, og síðan í flestum öðrum löndum árið 1980. Samdrátturinn kemur fram í miklu mildari mæli á kvarða þjóðarframleiðslu, en aukning hennar, hagvöxturinn, féll úr 3,3% árið 1979 í um 1% 1980 fyrir OECD-löndin í heild, en í einstaka löndum varð beinn samdráttur, Bandaríkjunum um 3/4%, Bretlandi um 2 1/4% og Kanada um 1/2%. Svo sem endranær eru Bandaríkin framarlega í hagsveiflunni, svo að beinn samdráttur þjóðarframleiðslu breiddist út til annarra landa, einkum á síðari hluta 1980, og kom þá fram sem 3/4% samdráttur framleiðslu OECD-landanna í heild. Að sama skapi má vænta seinni endurbata í Evrópu.

Samdráttur eftirspurnar hafði mikil áhrif á heimsverslunina. Er heildareftirspurn talin hafa staðið í stað frá árinu áður í OECD-löndunum sem heild, en dregist saman um 1,5% í Bandaríkjunum sérstaklega. Talið er, að heimsverslunin hafi aðeins aukist um 1% samanborið við 6% vöxt 1979. Innflutningur iðnríkjanna minnkaði að magni um tæp 2% og Bandaríkjanna sérstaklega um 7,3%. Síðasta aldarfjórðunginn hefur vöxtur heimsverslunarinnar aðeins verið minni árin 1958 og 1975.

Olíuverðhækkunin olli að sjálfsögðu hvað mestum umskiptum í viðskiptajöfnuði landa. Áhrif fyrri olíusveiflunnar höfðu að miklu leyti jafnast út árið 1978, svo að viðskiptajöfnuður OECD-landa var orðinn hagstæður um 10 milljarða dollara á heildina litið, en þar á móti var viðskiptaafgangur OECD-landa fallinn niður í 4,5 milljarða dollara. Með olíuhækkuninni var taflinu rækilega snúið við, svo að verulegur viðskiptahalli iðnvæddra ríkja varð nánast almenn regla með heildarviðskiptahalla OECD-landa um 35 milljarða dollara 1979 og 73 milljarða 1980, en afgangur OPEC-ríkja tók stökk upp í 68 og



116 milljarða dollara þessi tvö ár. Auk þeirra áhrifa, sem þetta hafði á orkustefnu og eftirspurnarstjórn um heim allan og þegar er að vikið, hafði ráðstöfun afgangans til landa, sem sæta þurfa viðskiptahalla, í för með sér mikla áraun á alþjóðlega lánastarfsemi og gjaldeyris- og gengismál almennt, þar sem bæði vextir og gengi gjaldmiðla hafa síðustu árin í meiri mæli en fyrr verið ákvörðuð á frjálsum markaði með hliðsjón af almennum þjóðhags- og peningastærðum. Hefur við þetta komið fram, að gengishreyfingar til skamms tíma eru mjög háðar vöxtum, en að sama skapi hefur stjórnvöldum reynst torveldara að ná ætíð settu marki, að því er þessi stjórnæki varðar.

#### **Ytri áhrif á þjóðarbúið**

Þessi andstæðu ytri skilyrði höfðu gagnger áhrif á þjóðarbúskapinn. Meginþungi olíuverðhækkunarinnar kom að vísu fram á árinu 1979, en hélt áfram 1980, og við það bættist sölutregða og verðlækkun á freðfiski á Bandaríkjamarkaði. Það dró þó úr áfallinu, að verðþróun hélt áfram hagstæð á flestum öðrum útflutningsafurðum, þannig að útflutningsverðlagið í heild hækkaði lítið minna en innflutningsverð án olíu. Má þar m.a. merkja áhrif þess, að hin alþjóðlega hagsveifla kemur fram með ólíkum hætti og á mismunandi tíma í hinum ýmsu viðskiptalöndum. Heildarniðurstaða varð rýrnun viðskiptakjara um 3,4%, og eru áhrif hennar metin til 1,3% af þjóðarframleiðslu og frádráttur frá hagvexti sem því nemur. Við það bættist sá mikli hnekkir, sem olíuverðhækkunin og stöðnun rauntekna varð fyrir rekstur samgangna, einkum flugreksturinn, og kom fram í verulegum halla á þjónustujöfnuði annað árið í röð.

#### **Framleiðsluþróun**

Viðskiptakjarahnekkirinn kom þannig aðeins í takmörkuðum mæli niður á útflutningsframleiðslunni og dró ekki mikið úr þrótti framleiðslustarfseminnar á heildina lítið. Aukinn þorskaflí og verulega umfram það, sem upphaflega var talið ráðlegt að taka, varð til þess, að framleiðsla sjávarafurða jókst um 10%, en einnig mun iðnaðarframleiðsla og byggingarstarfsemi hafa aukist á bilinu 3—4%. Heildarniðurstaðan er talin hafa orðið 2,5% aukning þjóðarframleiðslu eða litlu minni en árið áður. Að meðtöldum viðskiptakjörum varð útkoman mun lakari, en þó hagstæðari en árið áður, þ.e. 1,2% aukning þjóðartekna á móti álíka mikilli minnkun árið áður. Þessi framleiðsluaukning síðastliðins árs var minnst einstakra ára síðasta vaxtarskeiðs og hagvöxtur þess tímabils langminnstur þriggja síðustu vaxtarskeiða, sem voru svipuð að tímalengd og breytingum ytri skilyrða, sbr. kaflann hér á eftir. Fellur þessi breyting í hátt við langtímaþróun á alþjóðlegum vettvangi, sem áður er að vikið, en er hlutfallslega stærri í sniðum af völdum sérstakra auðlinda- og markaðsskilyrða íslensks þjóðarbúskapar. Með aukinni stærð og fjölbreytni athafnalífsins valda breytingar þessara skilyrða minni heildarsveiflu, auk þess sem hagstjórn og félagslegar aðgerðir hafa

lagst á þá sveifina að draga úr sveiflunum. Kemur það þó öllu fremur fram í því, að afturkiptir milli vaxtarskeiða hafa orðið hlutfallslega minni. Frá afturkiptnum 1967—68 hefur aðeins eitt ár, 1975, sýnt beina minnkun þjóðarframleiðslu og þá aðeins um 2%, en nú á árinu 1981 er aðeins spáð stöðnun framleiðslumagns.

### Sveifluhegðun

Ástand efnahagsmála markast þó enn sem fyrr mjög af því, að sveiflur í mismunandi þáttum þjóðarbúskaparins fara saman og eru í of litlum mæli jafnaðar út með markvissri hagstjórn. Viðskiptakjör hafa gjarnan sveiflast með áþekkingum hætti og útflutningsframleiðslan, svo sem var á sjöunda tugnum, eða farið á undan og dregið framleiðsluþróunina með sér, svo sem var meira áberandi á áttunda tugnum. Af þessari samfylgni leiddi, að toppar vaxtarskeiðanna voru hærri og krappari og lægðirnar á hinn bóginn dýpri, metið á kvarða þjóðartekna í stað þjóðarframleiðslu. Skýrasta einkenni áhrifamikillar sveiflujöfnunar væri það, að tekjum væri úthlutað og verðmætum ráðstafað með minni sveiflugangi en ríkir í þróun þjóðartekna. Hið gagnstæða hefur þó fremur verið reglan. Þannig varð aukning þjóðartekna á mann um 8,1% árið 1977 tilefni til 12,5% aukningar á kaupmætti ráðstöfunartekna á mann og enn um 8% árið eftir, þegar þjóðartekjur á mann jukust aðeins um 3,6%, en hlutu loks að lækka á síðasta ári, þá um 3% í kjölfar lækkunar þjóðartekna á mann árið á undan. Einkaneyslan speglaði í stórum dráttum, og þó ekki til fulls, þessa sveiflu ráðstöfunartekna. Fjárfestingin hefur að jafnaði sýnt mun meiri sveiflur en þjóðartekjur og að mestu samtímis þeim. Þessa hefur þó gætt mun minna í síðustu hagsveiflu en fyrr, að því marki að aukning fjármunamyndunar á síðasta ári, um 8%, mildaði talsvert hægingu hagvaxtarins, en þá að vísu með því að kosta til aukinni skuldaföfnun erlendis.

### Jöfnuður og staða út á við

Viðskiptajöfnuður snerist úr lítils háttar afgangi 1978 í áþekkan halla 1979, og ágerðist hann á síðasta ári og náði 2,4% af þjóðarframleiðslu. Með tilliti til allra aðstæðna, viðskiptakjaraáfallsins, fjárfestingarhlutfallsins og alþjóðlegra verðbólguvaxta, getur hallinn þó ekki talist mikill, né heldur er hann það í samanburði við flest olíukaupalönd. Koma hér til áhrif vaxandi verðtryggingar og peningalegs sparnaðar og aðhalds í ríkisfjármálum og lánamálum almennt, enda þótt einstakir þættir hafi farið nokkuð úr böndunum. Jafnframt má telja, að verðbólгурáðstafanir hafi þrátt fyrir lítinn árangur í að hægja á verðbólgunni haft þær aukaverkanir að hamla á móti almennt eftirspurn og innflutningi. Staða erlendra lána sem hlutfalls af þjóðarframleiðslu jókst nokkuð á árinu, svo og greiðslubyrði af útflutningstekjum. Á móti batnaði gjaldeyrisstaðan allverulega, en að öllu meðtöldu versnaði nettóskuldastaða þjóðarbúsins gagnvart útlöndum um u.þ.b. 9% umfram gengis og verðlagsbreytingu.



## Verðbólguþróunin

Svo sem þegar er að vikið, verður reglubundið háttarni í tekjumyndun og tekjuráðstöfun til þess að magna utanaðkomandi sveiflur. Afdrifarikast í þessu tilliti er þó hið sjálfvirka verðbótakerfi launa ásamt hliðstæðum kerfum ákvörðunar búvöruverðs og fiskverðs með óhjákvæmilegri tengingu þessara þátta við almennar verðlags- og gengisákvarðanir. Til samans mynda þessir þættir heildstætt tekju- og verðákvörðunarkerfi, sem miðar gagnert að því að magna allar ytri verðsveiflur og hækkunartilefni og halda þeim í gangi um langan tíma. Þetta kerfi verkar þó aðeins til hækkunar, þar sem verðhækkanir á útflutningshlið verka eftir leið tekjuviðmiðunar, en hækkanir á innflutningshlið eftir leið kostnaðarviðmiðunar og verðbóta, en yfir rúman áratug hefur innflutningsverðlag stöðugt farið hækkandi, einkum þó við stökkbreytingar olíuverðlags 1973—74 og 1979—80. Þar á milli hefur hækkunin, og þá enn fremur vegin áhrif hennar, aðeins verið lítið brot hinnar innlendu verðlagshækkunar. Mögnun verðbólgunnar síðustu árin er að stofni til runnin frá kjarasamningum ársins 1977 og áhrifum vixlverkana á þann grunn, en hækkun innflutningsverðlags um 20% 1979 og 9% 1980 bættist sem olía á verðbólguþálið, enda þótt áhrif viðskiptakjara væru tekin út úr verðbótum launa og þar með verkun þeirra áfram á verðlag. Loks bættu kjarasamningarnir á síðastliðnu hausti um 9% ofan á þá miklu hæð verðbólguholskeflunnar, sem þegar reið yfir. Meðan kjarasamningar drógust á langinn, var stefnumótun stjórnvalda í biðstöðu, en að þeim loknum og með áramótauppgjör fiskverðs og stefnumótun í gengismálum á næsta leiti tók ríkisstjórnin af skarið með skerðingu næstu verðbóta á laun um allt að 7%, festingu gengis frá áramótum og hertri verðstöðvun. Með þeim hækkunum, sem þá var komið frá, varð verðbólga nokkru meiri en árið áður og náði rétt við 59% hvort sem er að ársmeðaltali eða yfir árið, en með aðgerðunum var að sjálfsögðu stefnt að árangri á árinu 1981.

## Þróun verðtryggingar

Verðbólguframvinda, slík sem hér hefur verið lýst, veitir varla annarra kosta vól en að varðveita samkeppnisaðstöðu atvinnuveganna með nokkurn veginn samstíga gengisbreytingum og peningalegt fjármagn með verðtryggingu í einu eða öðru formi. Hið fyrra varð aðalreglan í gengismálum með flotgengiskerfinu frá 1973. Eftir nokkurra ára tilraunir varð hið síðara, verðtrygging fjármagns, að lögbundinni meginreglu með lögum um stjórn efnahagsmála o.fl. frá apríl 1979. Þar með var staðfest, að verðtrygging fjármagns gæti í meginatriðum átt sér stað með tvennum hætti: með formlegri vísitölubindingu lána eða með verðbótapætti vaxta, er legðist við höfuðstól og greiddist upp eins og hann. Vísitölutenging fékk skjótan framgang í kjörum fjárfestingarlána, enda einföld í framkvæmd og hafði átt sér alllangan aðdraganda. Vaxtaaðlögun að verðbólgunni átti hins vega að gerast í áföngum til ársloka 1980, og



var haldið áður upptekinni starfsreglu ársfjórðungslegrar endurskoðunar með samráði við ríkisstjórnina hverju sinni, og skyldu vextir samkvæmt því endurskoðast sjö sinnum á aðlögunartímabilinu. Sökum tregðu ríkisstjórnarinnar á að fallast á vaxtaaðlögun, meðan stefna hennar var í mótun og beindist fremur að hjöðnun verðbólgu, varð aðeins ein almenn vaxtahækkun á árinu 1980, hinn 1. júní, auk þriggja árið 1979. Með bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar á gamlaárskvöld var meginregla verðtryggingar fjármagns áréttuð, en aðlögunartíminn framlengdur til ársloka 1981 og áhersla sem fyrr fremur lögð á að ná markmiðinu með því að draga úr verðbólgunni.

#### Áhrif lánskjaranna


Verðtrygging fjármagns er þegar farin að hafa verulega hagstæð áhrif á lánsfjármarkaðinn, beint með endurmati fjármagnsins eftir verðlagsþróun og þar með varðveislu raungildis þess, óbeint með þeirri hvatningu, sem þannig er veitt til peningalegs sparnaðar. Með árinu 1977 tók raungildi heildarinnlána að vaxa á ný, og með árinu 1979 fór hlutfall þeirra af þjóðarframleiðslu að rétta við aftur. Enda þótt þessi þróun sé enn skammt á veg komin að tiltölu við hina miklu skerðingu í hartnær áratug á undan, skipta hin nýju viðhorf sköpum um almennt ástand peningamála og möguleika á lausn vandamála á þeim vettvangi með beitingu annarra og sérhæfðari stjórntækja. Í fyrstu bar mest á áhrifum lánskjaranna á hlið sparnaðar og innlána, en upp á síðkastið virðist þeirra gæta í vaxandi mæli á hlið lánsfjárfestisþrúnaðar, þannig að lánskjör séu í senn orðin virkara og áhrifaríkara hagstjórnartæki en áður var.

#### Peningamál, vandi og árangur

Því fer þó fjarri, að hagstæð áhrif verðtryggingar fjármagns hafi aflétt öllum vanda í peningamálum. Voru allfyrirferðarmikil vandamál á því sviði til úrlausnar, einkum útlánaþensla og slæm lausafjárstaða bankanna fram eftir árinu. Að verulegu leyti stóð sú framvinda í sambandi við óvissuástand í stjórnámálum og kjaramálum og þar með um þróun verðlags og gengis og afstöðu þeirra til fjármagnskjara. Heildarniðurstaða ársins var þó tiltölulega hagstæð, að því er tekur til raunverulegs sparnaðar, innlána umfram útlán, bættrar gjaldeyrisstöðu o.fl. Samskonar eða hliðstæð vandamál eru þó áfram til úrlausnar og vofa einkum yfir við skilyrði óvissu og andstæðra fjármagnskjara.

## II. FRAMLEIÐSLA, TEKJUR OG VERÐLAG

### Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur



Lítillega dró úr hagvexti á árinu 1980. Þjóðarframleiðslan jókst um 2,5% samanborið við 2,9% árið 1979. Þessi aukning er vel undir meðalvexti þjóðarframleiðslunnar á undanförunum árum, en verður þó að teljast þökkaleg í ljósi efnahagsþróunarinnar í umheiminum, svo sem fram kemur í kaflanum hér að undan. Viðskiptakjör landsins út á við eru talin hafa versnað um 3,4% á síðasta ári, þannig að þjóðartekjur jukust mun minna en þjóðarframleiðsla eða um 1,2%. Þetta er þó betri árangur en árið áður, en þá lækkuðu þjóðartekjur um 1,1% sökum mikillar versnunar viðskiptakjara. Aukning þjóðarframleiðslu og þó einkum þjóðartekna er hins vega langt undir meðalaukningu þeirra á fyrri árum, en á tuttugu ára tímabili frá 1960 til 1980 varð meðalaukning þjóðarframleiðslunnar 4,6% og þjóðartekna 5,2%. Innan þessa tímabils hafa skipst á vaxtarskeið og afturkippir. Framleiðsluaukning síðastliðins árs er ekki aðeins minnst einstakra ára síðasta vaxtarskeiðs eftir afturkippinn 1975, heldur varð hagvöxtur þessa tímabils langminnstur þriggja síðustu vaxtarskeiða, sem voru svipuð að tímalengd og breytingum ytri skilyrða. Meðalársvöxtur þjóðarframleiðslu árána 1962—66 varð 8,8% og árána 1970—74 7,6%, en árána 1977—80 aðeins 3,9%. Þjóðartekjurnar hafa vaxið meira, nema á síðasta tímabilinu, en sveiflur í þjóðartekjum hafa að jafnaði verið meiri en sveiflur í þjóðarframleiðslu. Ætla má, að þjóðartekjur á mann hafi nánast staðið í stað á síðasta ári, en þær minnkuðu um 2% árið 1979. Á heildina litið hefur þannig dregið verulega úr hagvexti á undanförunum tveim árum og reyndar alveg frá 1974.

Viðskiptajöfnuður versnaði á síðasta ári og nam hallinn um 2,4% af vergri þjóðarframleiðslu, en var 0,8% árið 1979. Þennan halla ber fyrst og fremst að rekja til halla á þjónustujöfnuði, sem var 3,5% af þjóðarframleiðslu og hinn mesti, sem orðið hefur frá lokum seinni heimstyrjaldarinnar, en mestur varð hann áður 2,1% af þjóðarframleiðslu 1951 og 1,9% 1979. Vöruskiptajöfnuðurinn var hins vegar nánast óbreyttur frá fyrra ári, 1,1% af þjóðarframleiðslu. Vaxandi halli á viðskiptajöfnuði má jafnframt teljast afleiðing örari



## Viðskiptakjörin




vaxtar þjóðarútgjalda, sem nam 2,9%, en raunverulegra þjóðartekna.

Útflutningsverðlag í erlendri mynt er talið hafa hækkað um 6,6%, en innflutningsverðlag um 10,3%. Viðskiptakjörin versnuðu því um 3,4% í framhaldi af 9,2% rýrnun árið 1979. Eru viðskiptakjörin nú lakari en þau voru 1974 svo nemur 10,2% og ekki nema 7% hagstæðari en 1975, en þá urðu þau verst á síðasta áratug. Útflutningsverð í erlendri mynt hækkaði um 6,6%, ívið minna en árið 1979, er hækkingin nam 7,8%. Meginástæða minni viðskiptakjararýrnunar á síðasta ári en árið 1979 var minni hækking innflutningsverðs, sem nam 10,3% í erlendri mynt á móti 18,7% árið 1979. Meginástæða þessarar miklu hækkunar 1979 var hækking á verði olíuinnflutnings, sem varð 90,7%, en verð annars almenns innflutnings hækkaði hins vegar um 7,9% eða svipað og útflutningsverð. Hækkun olíuverðs á árinu 1980 var mun minni en árið áður eða um 18%. Stafar þetta m.a. af því að efnahagssamdrátturinn í umheiminum á síðasta ári leiddi til minni eftirspurnar eftir olíu á heimsmarkaði. Verð annars innflutnings en til álverksmiðju og olíu hækkaði um 6,2% á síðasta ári, sem er minni hækking en á verðlagi útflutnings í heild.

Viðskiptakjörin versnuðu um 4,1%, séu viðskipti álverksmiðjunnar undanskilin. Án áls hækkaði útflutningsverð aðeins um 4,6%. Verðlag á sjávarafurðum hækkaði sömuleiðis aðeins um 4,5%. Þessa litlu hækkingu útflutningsverðs sjávarafurða má fyrst og fremst rekja til stöðunar verðs á frystum fiski, og vegur Bandaríkjamarkaður þar þyngst. Markaðsverð á saltfiski hækkaði hins vegar um 18% í erlendri mynt, og skreiðarverð hækkaði svipað. Útflutningsverð á mjöli hækkaði um 26% í dollurum milli árána 1979 og 1980, en lýsisverð hækkaði minna eða um 5%. Þar sem dollarinn styrktist gagnvart flestum myntum á síðasta ári, var hækkingin meiri, ef miðað er við meðalgengi krónunnar gagnvart öllum myntum viðskiptalanda Íslands.

Útflutningur frystra fiskflaka til Bandaríkjanna var um 19% af vöruútflutningi í heild á síðasta ári. Verðlag þessara afurða hefur því mikil áhrif á þróun útflutningsverðs í heild. Sú stöðnun, sem gætt hefur á verði freðfiskafurða á þessum markaði á síðasta ári, hefur því haft verulegar afleiðingar fyrir viðskiptakjör landsins og hag hraðfrystiiðnaðarins. Ef tekið er mið af verði algengustu tegundar frystra fiskflaka, þ.e. frystra þorskflaka, 10x5 punda, kemur í ljós, að á tímabilinu frá 1971, þ.e. eftir endurbata frá fyrra verðfalli, til 1977 hækkaði dollaraverð þorskflakanna um 46% að tiltölu við almennt matvælaverð í Bandaríkjunum. Á árinu 1978 varð hins vegar afturkiptur miðað við almennt matvælaverð, en nokkur afturbati átti sér stað árið eftir. Á seinasta ári varð hins vegar aftur hlutfallsleg lækkun á verði þorskflakanna, sem þá varð 31% hærra

## Framleiðsla og hagur atvinnuvega



14

en 1971 og þar með lakara en 1973 og síðar. Gæti þessi þróun bent til þess, að auk áhrifa tekjuþróunar sé varanlegri breyting að eiga sér stað á þessum markaði, m.a. vegna aukinnar samkeppni af hálfu annarra fiskframleiðslulanda, og því sé óvarlegt að reikna með svipaðri hækkun raunverðs freðfiskafurða og átti sér stað á tímabilinu 1972—1977.

Heildarfiskaflinn var samkvæmt tölum Fiskifélagsins 1.508,5 þús. tonn á síðasta ári samanborið við 1.644,5 þús. tonn árið 1979. Þess ber þó að gæta, að árið 1979 var algjört metár frá upphafi vega, að því er heildarafla varðar. Minnkun aflans stafaði fyrst og fremst af minni loðnuafli, en botnfiskaflinn jókst um 81 þús. tonn og varð alls um 658,8 þús. tonn. Þorskafli varð 428,3 þús. tonn, en það var 128,3 þús. tonnum meiri afli en fiskifræðingar ráðlögðu í apríl sl.

Þrátt fyrir að aflinn minnkaði í tonnum talið, var meira veitt af verðmætari tegundum, og því er talið, að verðmæti aflans hafi aukist um 6—7%. Gert er ráð fyrir, að sjávarafurðaframleiðslan í heild hafi aukist um 10,5% á föstu verðlagi á síðasta ári. Þetta er heldur minni aukning en á árinu 1979, en þá jókst sjávarafurðaframleiðslan um 15%. Aukningin er hins vegar vel yfir meðallagi síðasta áratugar.

Afkoma botnfiskveiðiflotans varð svipuð og árið 1979 þrátt fyrir mikla aflaaukningu. Afkoman var góð framan af árinu, en snöggversnaði síðan vegna olíuverðshækkana og þorskveiðitakmarkana. Afkoma loðnuflotans varð hins vegar mun lakari vegna minni afla og minni hækkunar hráefnisverðs loðnu.

Staða fiskvinnslunnar var mjög mismunandi eftir greinum á síðasta ári. Frystingin stóð höllun fæti, m.a. vegna stöðnunar freðfiskverðsins á Bandaríkjamarkaði, enda dróst freðfiskframleiðslan saman um 4—5%. Verðþróunin varð mun hagstæðari fyrir saltfisk- og skreiðarverkun. Afkoma þeirra greina var því góð. Saltfiskframleiðslan jókst um 30%, og skreiðarframleiðslan er talin hafa þrefaldast. Saltfiskframleiðslan var á síðasta ári meiri ne nokkru sinni síðan árið 1952.

Álframleiðslan jókst um 1,7% á síðasta ári, en hafði minnkað um 2,5% árið á undan. Hins vegar dróst útflutningur áls, talinn í tonnum, saman um 12,5%, þannig að töluerð birgðaaukning átti sér stað á árinu. Hér hefur efnahagssamdrátturinn í umheiminum sjálfsagt mestu um valdið. Samdrátturinn nú varð hins vegar ekki eins alvarlegur og árið 1975, en þá dróst útflutningur saman um 31%, og birgðir í árslok voru þá 166% meiri en um áramótin á undan. Járblendiverksmiðjan var starfrækt annað árið í röð á síðasta ári. Heildarfiskframleiðslan var 28,2 þús. tonn og hafði aukist um 67% frá árinu 1979, en útflutningur varð 25,4 þús. tonn og rúmlega tvöfaldaðist frá árinu áður. Framleiðsla á kísilgúr minnkaði um 13% og útflutningur um sama hlutfall, en framleiðslan hafði



aukist um 4% 1978 og 6% 1979. Önnur útflutningsframleiðsla iðnaðarvara jókst að magni um 15% samanborið við 20% aukningu árið 1979 og 8% samdrátt árið 1978. Talið er, að útflutningsframleiðsla landbúnaðarafurða hafi dregist saman um 25% á síðasta ári, en hún jókst um 5% árið áður. Í heild jókst því útflutningsframleiðsla um 9,8%.


Iðnaðarframleiðslan í heild jókst um 3%, framleiðsla stóriðjufyrirtækja um 7 1/2%, en annað um 2—3%. Hagur iðnaðar var svipaður og árið áður. Afkoma vörugreina, sem framleiða fyrir innanlandsmarkað, og viðgerðargreina var að jafnaði betri en afkoma útflutningsiðnaðarins. Landbúnaðarframleiðslan minnkaði um 6—7%, en stóð í stað, ef bústofnbreytingar eru taldar með. Samdráttur varð bæði í framleiðslu mjólkur- og sauðfjárafurða. Talið er, að innvegin mjólk mjólkurbúanna hafi minnkað um 8,7% á árinu 1980.

Aðgerðir til að draga úr mjólkurframleiðslu hafa þannig skilað verulegum árangri. Veltuaukning í verslun varð jöfn verðbreytingum. Hagur verslunarinnar hefur því vart breyst mikið á árinu. Byggingarstarfsemi og mannvirkjagerð varð að líkindum 3—4% meiri en árið 1979.

Einkaneysla stóð í stað á síðasta ári eftir um 2% aukningu árið áður og 6% árið 1978. Skoðað frá sjónarhóli breytinga milli síðustu tveggja ára átti einkaneyslan því ekki beinan þátt í að mynda halla á viðskiptajöfnuði á síðasta ári. Samneysla er talin hafa aukist um 2% samanborið við 3,5% 1979 og 3,8% árið 1978. Hluttur samneyslunnar af þjóðarframleiðslu hefur smám saman farið vaxandi á undanförunum árum og náði 12,1% 1979, en mun hafa haldist því sem næst óbreyttur 1980.

Fjármunamyndun jókst um 8% á síðasta ári samanborið við 0,1% aukningu 1979 og 7,1% samdrátt árið 1978. Ef frá er dreginn innflutningur skipa og flugvéla, Þjórsárvirkjanir, Kröfluvirkjun, járnblendiverksmiðja og álverksmiðja, er aukningin þó aðeins 1,8%. Samsvarandi tölur fyrir 1979 eru -1,0 og 1978 3,4%. Mest varð aukning fjármunamyndunar í rafvirkjunum og rafveitum eða 41,1%. Það er mesta aukning í slíkum framkvæmdum síðan 1975, og ráða framkvæmdir við Hrauneyjafossvirkjun hér mestu um. Opinber fjárfesting í heild jókst um 21,2% eftir 1,9% aukningu árið 1979 og 14,5% samdrátt 1978 og svaraði á síðasta ári til um 15,2% af þjóðarframleiðslu. Þetta er hæsta hlutfall, sem þær hafa náð, en hæst höfðu þær áður komist í 12,9% árið 1968. Fjárfesting atvinnuveganna jókst um 4,5%, en stóð í stað árið áður, og íbúðarhúsabyggingar drógust saman annað árið í röð, og var samdrátturinn um 5,0%. Fjármunamyndunin í heild var um 27,1% af þjóðarframleiðslu, sem er nokkru hærra en næstu tvö ár á undan, en undir

### Ráðstöfun þjóðarframleiðslunnar



meðaltali áráanna 1970—1980. Hlutfallið var hærra en hlutfall innlends sparnaðar af þjóðarframleiðslu, sem var um 24,7%, og myndaðist því halli á viðskiptajöfnuði, sem samsvaraði 2,4% af þjóðarframleiðslu. Í heild jókst innlend verðmætaráðstöfun um 2,9%.

### Kjarasamningar

Á árinu voru gerðir heildarkjarasamningar við öll stærstu launþega-samböndin, að sjómönnum undanskildum. Kjarasamningar frá árinu 1977 höfðu gilt að mestu fram að þeim tíma. Samningar voru undirritaðir milli BSRB og ríkisins 19. ágúst. Talið er, að umsamin grunnkaupshækkun að meðtöldum ákvæðum sérkjarasamninga hafi numið um 4,3% að meðaltali. Kjarasamningar náðust milli ASÍ og VSÍ í lok október, og var grunnkaupshækkunin að meðaltali um 11,6%. Með kjaradómi fékk BHM um 6,3% grunnkaupshækkun á árinu. Samningar náðust milli SÍB og bankanna 12. desember eftir nokkurra daga verkfall. Talið er, að með þeim hafi bankamenn fengið 6,1% grunnkaupshækkun frá 1. ágúst til áramóta. Þessari umferð kjarasamninga var þó ekki að fullu lokið um áramót, þar sem ólokið var ýmsum sérgreinasamningum innan ramma heildarsamninga auk sjómannasamninga sem áður greinir. Af tilefni meiri hækkana í hliðstæðum samningum og kjaradómi voru samningar BSRB teknir upp aftur, og hækkuðu grunnlaun opinberra starfsmanna um 2,5% frá 1. jan. 1981. Alls hækkuðu grunnlaun BSRB því um 6,8% í þessari samningalotu. Á síðasta degi ársins gerðist og sá kjaratburður, að verðbætur á laun frá 1. mars skyldu aðeins miðast við hækkun framfærslukostnaðar frá 1. janúar, þó þannig, að skerðing miðað við fyrri ákvæði takmarkaðist við 7 prósentustig.

### Kaupmáttur og tekjur


Í heild er talið, að kauptaxtar allra launþega hafi hækkað um 51% milli meðaltala áráanna 1979 og 1980, en um 54,7% frá upphafi til loka ársins. Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði nokkru meira eða um 58,5% milli ársmeðaltala, þannig að kaupmáttur kauptaxta minnkaði um 4,7%. Atvinnutekjur hækkuðu nokkru meira en kauptaxtar eins og oftast áður, og sama gildir um ýmsar aðrar tekjur svo sem lífeyrisbætur. Talið er, að skattbyrði hafi aukist nokkuð. Því er áætlað, að raunverulegar ráðstöfunartekjur hafi minnkað um 2%, en kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann hafi rýrnað um 3% frá árinu 1979. Kaupmáttur ráðstöfunartekna er miðaður við verðvísitölu einkaneyslu, en hún hækkaði heldur minna en vísitala framfærslukostnaðar á síðasta ári.

### Atvinna

Atvinnuástand var gott á árinu eins og undanfarin ár. Atvinnuleysið nam 0,3% af mannaflanum samanborið við 0,4% árið 1979 og 0,3% árið 1978. Samkvæmt skýrslum Kjararannsóknarnefndar var vinnutími verkafólks og iðnarðarmanna mjög svipaður á árinu



## Verðþróun



1980 og árinu 1979 eða 49,3 vinnustundir að meðaltali í viku hverri árið 1980 samanborið við 49,6 stundir árið 1979.

Verðbólgan jókst mjög á seinni hluta ársins 1979 og fram undir mitt seinasta ár. Tólf mánaða hækkun framfærslukostnaðar náði hámarki 1. maí á síðasta ári með 62,6%. Þetta er ein mesta hækkun framfærslukostnaðar, sem mælst hefur yfir 12 mánaða tímabil. Ástæður þessarar miklu verðbólguöldu eru þær, að hraði verðbólgunnar var einkar mikill hér á landi, þegar seinni olíuverðshækkunin reið yfir seinni hluta ársins 1978 og fyrri hluta ársins 1979. Olíuverðshækkunin og hækkun annars innflutningsverðs hafði síðan áhrif til mögnunar verðbólgunnar. Ætla má, að verðbólgan hafi verið í kringum 45% á ári áður en seinni olíuverðshækkunin reið yfir. Áhrifa kjarasamninganna frá 1977 og verðbóta á laun ársfjórðungslega gætti því enn með fullum þunga. Kauptaxtar eru þannig taldir hafa hækkað um 55% milli árána 1977 og 1978 á sama tíma og framfærslukostnaður hækkaði um 44%. Með lögum nr. 13 frá 1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., var leitast við að draga úr víxlhækkun launa og verðlags, þar sem laun skyldu að jafnaði hækka minna á hverju verðbótatímabili en nam hækkun framfærslukostnaðar, m.a. vegna viðskiptakjarafrádráttar. Kauptaxtar hækkuðu þar með minna en framfærslukostnaður bæði árin 1979 og 1980. Tilætluð verðbólguhjöðnun átti sér þó ekki stað, þar sem innflutningsverð hækkaði mikið um líkt leyti. Hækkun innflutningsverðs í erlendri mynt varð 11,8% milli fyrsta og annars ársfjórðungs 1979 eða sem svarar til 56% árshækkunar. Mikil verðhækkun varð einnig milli þriðja og fjórða ársfjórðungs eða um 7,6%. Milli árána 1978 og 1979 hækkaði innflutningsverð í erlendri mynt um 18,7%. Meðalgengi erlendra gjaldmiðla hækkaði um 33,9%, og innflutningsverð í íslenskum krónum hækkaði því um 58,9%, sem er mesta hækkun þess síðan árið 1975.

Þegar kom fram á árið 1980, dró mjög úr hækkun innflutningsverðs í erlendri mynt. Einnig dró úr hækkun innflutningsverðs í íslenskum krónum á fyrri hluta ársins vegna hægara gengissigs. Eftir mitt árið dró því úr hækkun framfærslukostnaðar, en ætíð líður nokkur tími, þar til að breytingar innflutningsverðs eða launa og annarra kostnaðarliða hafa áhrif á verðbólguna. Tólf mánaða hækkun framfærslukostnaðar í ágúst á síðasta ári var 57,7%, en í nóvember var hún komin niður í 50,8%. Í erlendri mynt varð hækkun innflutningsverðs 10,3% milli árána 1979 og 1980, en þar sem hækkun meðalgengis erlendra gjaldmiðla varð meiri en árið áður eða 37,8%, hækkaði innflutningsverðlag í íslenskum krónum um 52%.

Sú mikla hækkun innflutningsverðs, sérstaklega olíuverðsins, sem átti sér stað á undanfórnum tveim árum, er ekki viðvarandi aflagjafi verðbólgunnar. Henni má fremur líkja við tímabundin áföll, sem

riða yfir þjóðarbúið. Reynolds undanfarinna ára hefur hins vegar sýnt, að verðbólguáhrif slíkra áfalla viðhaldast og magnast í því kerfi, sem hér er við lýði. Þar á ekki síst hlut að máli hið umfangsmikla kerfi vísitölubindingar launa og annarra tekna.

Hækkun innflutningsverðs er ekki einhlít skýring á mögnun verðbólgunnar á seinni hluta síðasta árs. Til dæmis að taka hækkaði búvöruverð að ársmeðaltali um rúmlega 60% frá árinu áður, þ.e. meira en framfærsluvísitalan í heild. Ástæðan er einkum sú, að niðurgreiðslur voru lægra hlutfall af búvöruverði á síðasta ári en árið áður. Einnig er á það að líta, að búvöruverðshækkunin var talsvert undir meðalhækkun framfærsluvísitölnnar milli áranna 1978 og 1979.

Á síðustu tveim mánuðum ársins 1980 jókst verðbólgan mjög á ný, og árshækkun framfærslukostnaðar komst upp í 58,9% í árslok. Um leið var ljóst, að ný verðbólguholskefla var framundan, yrði ekki að gert. Ástæður vaxandi hraða verðbólgunnar á síðustu tveim mánuðum ársins voru örara gengissig á þriðja og fjórða ársfjórðungi ársins og áhrif grunnkaupshækkana um haustið. Áhrifa grunnkaupshækkanna mundi þó fyrst fara verulega að gæta á fyrri hluta ársins 1981.

Hækkun framfærslukostnaðar varð 58,6% milli ársmeðaltala áranna 1980 og 1979, en sambærileg hækkun var 45,5% árið 1979. Hækkunin yfir árið varð sem fyrr segir 58,9% samanborið við 60,6% árið 1979. Hækkun byggingarkostnaðar var heldur minni en hækkun framfærslukostnaðar eða 55,3% milli ársmeðaltala og 57,3% frá upphafi til loka árs. Á alla mælikvarða var síðasta ár eitt mesta verðbólguár í áratugi ásamt árinu 1979.

Vegna mögnunar verðbólgunnar á síðustu mánuðum ársins og fyrirsjáanlega mikillar verðbólgu á komandi ári tilkynntu stjórnvöld um umfangsmiklar aðgerðir til viðnáms gegn verðbólgu. Verðbætur á laun skyldu skerðast um allt að 7% 1. mars árið 1981, og genginu skyldi haldið föstu næstu mánuði. Ljóst var, að þessar aðgerðir mundu draga úr verðbólgunni, frá því sem orðið hefði að óbreyttu.



## Heildargreiðslu- jöfnuður

### III. GREIÐSLUJÖFNUÐUR OG GJALDEYRISMÁL

Vegna hagstæðrar þróunar útflutningsframleiðslu varð vöruskiptajöfnuður jákvæður þriðja árið í röð þrátt fyrir stóraukinn innflutning flugvéla, auknar útflutningsvörubirgðir og rýrnandi viðskiptakjör. Á hinn bóginn hélt hin óhagstæða þróun þjónustujafnaðar, sem snögglega gætti 1979, áfram á árinu 1980, og nam halli á þjónustujöfnuði 466 m.kr. á móti tæplega 220 m.kr. halla árið áður. Þessi rýrnun þjónustujafnaðar undanfarin tvö ár stafar einkum af óhagstæðri þróun samgöngugreinanna, sérstaklega flugrekstrar, og auknum vaxtagreiðslum af erlendum lánnum. Viðskiptajöfnuður í heild varð óhagstæður um 318 m.kr. eða um 2,4% af þjóðarframleiðslu, samanborið við 90 m.kr. halla árið áður reiknað á meðalviðskiptagengi 1980, sem svarar til 0,8% af þjóðarframleiðslu. Mikill fjármagnsinnflutningur vegna framkvæmda á vegum hins opinbera og kaupa á skipum og flugvélum leiddi til þess, að fjármagnsjöfnuður varð mjög hagstæður og fór langt fram úr því að jafna viðskiptahallann, þannig að niðurstaðan varð hagstæður heildargreiðslujöfnuður eða bati gjaldeyrisstöðunnar um 269 m.kr.

Nettógjalddeyriseign bankanna nam 988 m.kr. í árslok 1980 reiknað á árslokagengi, en gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 1.104 m.kr. og svaraði til nálægt þriggja mánaða almenns innflutnings, sem er svipað og undanfarin þrjú ár. Þar sem viðskiptajöfnuður var óhagstæður sem fyrr segir, má rekja allan bata gjaldeyrisstöðunnar til aukinnar skuldasöfnunar, einkum langtímalána. Heildarstaða þjóðarbúsins, þ.e. nettóskuldir, langar og stuttar, ásamt gjaldeyrisstöðu versnaði um 463 m.kr. reiknað á gengi í árslok 1980 og nam þá um 5.390 m.kr. nettóskuld. Á árinu 1980 varð viðskiptajöfnuður, þ.e. jöfnuður vöru- og þjónustuviðskipta, óhagstæður um 318 m.kr. á móti 90 m.kr. 1979 reiknað á meðalviðskiptagengi ársins 1980. Samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum varð viðskiptajöfnuður ársins 1980 því 228 m.kr. óhagstæðari en árið áður. Er það allt og meira til af völdum þjónustujafnaðar, sem varð 248 m.kr. lakari en árið áður, en hins vegar varð 20 m.kr. bati á vöruskiptajöfnuði. Við



**Þróun viðskipta-  
jafnaðar**

raunhæfan samanburð á viðskiptajöfnuði áráanna 1979 og 1980 er nauðsynlegt að taka tillit til mismunandi birgðapróunar útflutningsvara og sveiflu í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara. Útflutningsvörubirgðir jukust um 80 m.kr. á árinu 1980 á móti 19 m.kr. aukningu árið áður. Birgðabreytingar hvors árs eru metnar á meðal-útflutningsverði viðkomandi árs, en í báðum tilvikum reiknaðar á meðalviðskiptagengi ársins 1980. Sveiflur í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara eru oft verulegar, og varð t.d. innflutningur þeirra 89 m.kr. meiri 1980 en árið áður vegna óvenjumikils flugvélainnflutnings. Ef sveiflur í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara eru jafnaðar milli ára miðað við meðaltal síðustu þriggja ára og leiðrétting gerð á viðskiptajöfnuði samkvæmt því, ásamt leiðréttingu vegna breytingar útflutningsvörubirgða, reynist viðskiptajöfnuður óhagstæður um 157 m.kr. 1980 á móti 79 m.kr. 1979. Með þannig leiðréttum viðskiptajöfnuði fæst mun raunhæfari samanburður á árunum 1979 og 1980 en samkvæmt beinu greiðslujafnaðaruppgjöri. Miðað við þjóðarframleiðslu varð viðskiptajöfnuður 1980 óhagstæður um 2,4% af vergri þjóðarframleiðslu samkvæmt beinu uppgjöri, en 1,2% samkvæmt framangreindum leiðréttum viðskiptajöfnuði. Samsvarandi tölur fyrir árið 1979 eru þær, að samkvæmt beinu uppgjöri var jöfnuðurinn óhagstæður um 0,8% af vergri þjóðarframleiðslu, en 0,7% samkvæmt leiðréttum viðskiptajöfnuði.

**Verðmæti útflutningsframleiðslu**

Gjaldeyrisverðmæti útflutningsframleiðslu jókst í heild um 16,4% frá árinu áður. Framleiðsluverðmæti sjávarafurða jókst um 15,5%, en aukning framleiðslumagns er áætluð 10%. Verðmætisaukning álframleiðslu varð nálægt 21% á föstu gengi, en magnaukning tæp 2%. Verðmætisaukning kísiljárnsframleiðslu jókst um 46% á föstu gengi, en magnaukning nam um 67%. Framleiðsluverðmæti annarra iðnaðarvara til útflutnings jókst um 31%.

**Aukning útflutningsverðmætis**

Heildarverðmæti útflutnings nam 4.460 m.kr. á árinu 1980. Er það rúmlega 16% aukning frá fyrra ári reiknað á föstu gengi. Verðmætisaukning útfluttra sjávarafurða varð 16,5%, verðmæti álútflutnings jókst um 5% og kísiljárns um 76%, en verðmætisaukning annarra vörflokka nam 22%. Meðfylgjandi tafla (III.1.) sýnir skiptingu út-

*Tafla III.1. Útflutningur helstu vörflokka.*

(F.o.b. verð í m.kr. á meðalgengi ársins 1980)

	1976	1977	1978	1979	1980
Sjávarafurðir.....	1.570	1.972	2.484	2.866	3.339
Landbúnaðarafurðir .....	56	63	75	98	77
Iðnaðarvörur.....	523	587	643	829	967
Þar af: ál .....	368	392	436	516	542
Kísiljárn .....	—	—	—	46	81
Aðrar iðnaðarvörur .....	155	195	207	267	344
Aðrar vörur .....	38	53	50	43	77
Útflutningur, alls .....	2.187	2.675	3.252	3.836	4.460



**Skipting útflutnings  
á lönd**

**Útflutningsvöru-  
birgðir**

flutnings á helstu vöruflokka sl. fimm ár, og hafa tölur fyrri ára verið umreiknaðar til meðalgengis ársins 1980 samkvæmt vísitölu meðalgengis. Verðmæti sjávarafurða 1980 nam 75% af heildarverðmæti útflutnings, sem er sama hlutfall og árið áður. Verðmæti álútflutnings nam 12,2% á móti 13,5% árið áður, en verðmæti kísiljárns jókst úr 1,2% í 1,8%, og verðmæti annarra iðnaðarvara jókst úr 7,0% í 7,7% af heildarútflutningi.

Útflutningur til Bandaríkjanna lækkaði úr 28,0% í 21,6% af heildarútflutningi. Hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins (EBE) lækkaði úr 38,6% í 37,4%. Útflutningur til landa Fríverzlunarsamtakanna (EFTA) jókst úr 13,7% í 15,2%. Hlutur Sovétríkjanna í heildarútflutningi jókst úr 3,9% í 5,4%, en hlutur Austur-Evrópulanda í heild úr 8,1% í 8,8%, og hlutur allra annarra landa, það er utan framangreindra svæða, jókst úr 11,6% í 17,0%.


Eftirfarandi tafla (III.2.) sýnir verðmæti útflutningsvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs, en umreiknað miðað við skráð gengi á bandarískum dollar í árslok 1980.

*Tafla III.2. Útflutningsvörubirgðir.*

(Í m.kr. á gengi í árslok 1980)


	1976	1977	1978	1979	1980
Sjávarafurðir .....	308	592	418	601	629
Landbúnaðarafurðir .....	35	40	62	56	36
Kísilgúr .....	2	1	1	2	2
Ál .....	89	71	61	37	84
Kísiljárn .....	—	—	—	17	21
Alls .....	434	704	542	713	772

**Þróun innflutnings**



Tafla III.3. sýnir mánaðarlegan almennan innflutning 1979 og 1980, skipt á olíuinnflutning og annan almennan innflutning á mánaðarlegu meðalgengi 1980, þ.e. tölur fyrir hvern mánuð 1979 hafa verið umreiknaðar til sambærilegs gengis viðkomandi mánaðar 1980 samkvæmt vísitölu meðalgengis þess mánaðar. Utan almenns innflutnings telst innflutningur á skipum, flugvélum, fjárfestingarvörum til stórframkvæmda ásamt hráefni og rekstrarvörum til álbræðslu og járnblendiverksmiðju.

Verðmæti almenns innflutnings jókst um 16,4% á árinu 1980 reiknað á meðalgengi ársins. Verðmæti olíuinnflutnings jókst ekki nema um 0,5% þrátt fyrir meðalverðhækkun um 18%, þar sem verulegur samdráttur varð á innflutningi olíuvara, og nam magnrýrnun í tonnum rúmlega 7%. Verðmæti annars almenns innflutnings en olíu jókst um nálægt 21% frá fyrra ári. Á fyrra helmingi ársins varð aukning um 33,5%, en á síðara helmingi ársins um tæp 13% frá sama helmingi fyrra árs. Innflutningur sérstakra fjárfestingarvara jókst í heild um 33,8%. Innflutningur skipa og flugvéla jókst



um 70 m.kr. eða 40%, en innflutningur annarra sérstakra fjárfestingarvara um tæp 19%. Skipting innflutnings eftir notkun varð þessi: Neysluvörur 32,6%, rekstrarvörur 36,1% og fjárfestingarvörur 31,3%.

#### Skipting innflutnings á lönd

Helstu breytingar á skiptingu innflutnings á lönd miðað við árið áður voru þær, að innflutningur frá Bandaríkjunum jókst úr 6,5% í 9,4% af heildarinnflutningi. Hlutdeild landa Efnahagsbandalagsins lækkaði úr 46,5% í 44,0% og hlutdeild landa Fríverslunarsamtak-

*Tafla III.3. Almennur innflutningur.*

(C.i.f.-verð í m.kr. á mánaðarlegu meðalgengi 1980)

	1979			1980			Hlutfallsleg breyting %		
	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls
Janúar	40	157	197	81	210	291	104,1	33,4	47,7
Febrúar	16	154	170	80	198	278	402,5	22,6	63,5
Mars	45	185	230	38	228	266	-15,3	23,4	15,9
Apríl	25	179	204	24	224	248	6,8	25,3	21,3
Mái	40	232	272	42	286	328	3,1	23,1	20,2
Júní	82	161	243	86	280	366	43,1	35,4	36,9
Júlí	37	249	286	92	306	398	149,8	22,8	39,2
Ágúst	78	289	367	97	273	370	23,7	-5,4	0,8
September	114	259	373	35	300	335	-69,1	15,6	-10,3
Október	67	289	356	72	352	424	7,9	21,8	19,2
Nóvember	123	320	443	86	326	412	-29,6	2,0	-6,8
Desember	116	269	385	54	334	388	-53,8	24,4	0,7
I	101	496	597	199	636	835	97,0	28,2	39,9
II	147	572	719	152	790	942	3,4	38,1	31,0
III	229	797	1.026	224	879	1.103	-2,2	10,3	7,5
IV	306	878	1.184	212	1.012	1.224	-30,7	15,3	3,4
Alls	783	2.743	3.526	787	3.317	4.104	0,5	20,9	16,4



## Vöruskiptajöfnuður


anna (EFTA) úr 22,7% í 21,3% af heildarinnflutningi. Hlutur Sovétríkjanna lækkaði úr 11,2% í 9,7% af heildarinnflutningi, en hlutur Austur-Evrópulanda í heild úr 12,7% í 11,1%. Hlutur allra annarra landa til samans hækkaði úr 11,6% í 14,2%.


Samkvæmt bráðabirgðatölum greiðslujafnaðar varð vöruskiptajöfnuður hagstæður um 148 m.kr. 1980 á móti 128 m.kr. 1979 umreiknað á meðalgengi ársins 1980. Samkvæmt því varð vöruskiptajöfnuðurinn 20 m.kr. hagstæðari 1980 en árið áður. Sé hins vegar tekið tillit til mismunandi birgðaðróunar útflutningsvara og innflutningur sérstakra fjárfestingarvara jafnaður milli ára eins og nánar var útskýrt hér að framan, reynist vöruskiptajöfnuður 170 m.kr. hagstæðari 1980 en árið áður. Í tölum greiðslujafnaðar eru bæði inn- og útflutningstölur reiknaðar á f.o.b.-verði.

## Þjónustujöfnuður

Til þjónustujafnaðar teljast tekjur og gjöld af ferðalögum, tryggingum, vaxtagreiðslum, samgöngum, viðskiptum við varnarliðið o.fl. Samkvæmt bráðabirgðayfirliti er áætlað, að þjónustutekjur hafi numið 1.353 m.kr., og er það um 8% rýrnun frá fyrra ári reiknað á föstu gengi.

Þjónustugjöld námu 1.819 m.kr., sem er tæplega 8% aukning frá árinu 1979, þegar miðað er við meðalgengi 1980. Þjónustujöfnuður varð því óhagstæður um 466 m.kr. 1980, en árið áður reyndist hann óhagstæður um 218 m.kr. á samsvarandi gengi. Með gjöldum 1980 eru talin þjónustugjöld vegna álbræðslu 122 m.kr., en voru 74 m.kr. 1979 reiknað á meðalgengi 1980. Hinn mikli halli, sem varð á þjónustujöfnuði á árinu 1979 og hélt áfram að aukast 1980, á að mestu rætur að rekja til versnandi afkomu flugsamgangna, og eru orsakirnar rýrnandi tekjur og vaxandi tilkostnaður. Vaxtagreiðslur af erlendum skuldum hafa einnig farið mjög vaxandi bæði vegna hækkandi vaxta á erlendum lánamarkaði og aukningar skulda. Þá hafa útgjöld vegna ferða- og dvalarkostnaðar aukist nokkuð. Af einstökum liðum þjónustujafnaðar vegur samgönguliðurinn þyngst eða nálægt 46% teknamegin (55% árið áður) og 43% gjaldamegin (48% árið áður). Innan samgönguliðarins eru tekjur og gjöld vegna flugs enn sem fyrr stærsti þátturinn, og námu tekjur flugfélaga 50% tekna af samgöngum móti 70% árið áður. Útgjöld flugfélaga námu rúmum 30% af útgjöldum vegna samgangna á móti um 60% árið áður. Á ferða- og dvalarkostnaðarliðunum er aðeins talinn með sá hluti tekna af erlendum ferðamönnum, sem skilað er til banka vegna útgjalda þeirra hérlandis, þar með taldar tekjur fríhafnar á Keflavíkurvelli. Hins vegar eru fargjöld, sem erlendir ferðamenn greiða fyrir ferðir með íslenskum farartækjum milli landa, talin í samgöngulið og eru mikilvægur hluti hans. Með gjöldum vegna ferða- og dvalarkostnaðar er talinn námskostnaður, sem nam 56 m.kr. 1980, og sjúkrakostnaður að upphæð 5 m.kr. Á árinu var





rýmkað um veitingu gjaldeyris til almennra ferðalaga, og er nú veitt tiltekin upphæð til hvernar ferðar án tillits til þess, hve oft er ferðast. Vaxtagjöld námu 468 m.kr. á árinu 1980 og höfðu hækkað um 82 m.kr. reiknað á meðalgengi 1980 eða um 21%. Tekjur af varnarliðs- viðskiptum jukust um 100 m.kr. frá fyrra ári, og er mikill hluti aukningarinnar greiðsla til Hitaveitu Suðurnesja vegna þátttöku í stofn- kostnaði.

Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfirlærslur, rekstrarframlög til alþjóðastofnana og gjafafé, urðu óhagstæð um 20 m.kr. á árinu 1980.

Helstu liðir fjármagnsjafnaðar eru innkomin lán til lengri tíma en eins árs, endurgreiðslur slíkra lána, stutt vörukaupalán innflytjenda, ógreiddur útflutningur og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Eftir- farandi yfirlit (III.4.) sýnir bráðabirgðatölur um hreyfingar langra erlendra lána á árinu 1980 skipt á opinbera aðila, lánastofnanir og einkaaðila, eftir því hverjir af þessum aðilum hafa tekið lán hjá hinum erlendu aðilum.

*Tafla III.4. Hreyfingar langra erlendra lána.*


(Í m.kr. á meðalgengi ársins 1980)

	<i>Innkomið</i>	<i>Afborganir</i>	<i>Nettóaukning</i>
Opinberir aðilar .....	530	149	381
Lánastofnanir .....	279	142	137
Einkaaðilar .....	260	85	175
Samtals .....	1.069	376	693

Samkvæmt yfirlitinu hafa skuldir í formi erlendra lána til eins árs og lengri tíma hækkað um 693 m.kr. Samkvæmt bráðabirgðatölum var

**Fjármagns-  
hreyfingar**





heildarupphæð langra erlendra lána 5.940 m.kr. í árslok 1980 reiknað á gengi í árslokin, en fært til meðalgengis ársins eru það rúmlega 35% af vergri þjóðarframleiðslu, sem er heldur hærra hlutfall en undanfarin þrjú ár. Greiðslubyrði af löngum lánum, það er afborganir og vextir, nam samkvæmt bráðabirgðatölum 14,2% af útflutningstekjum, en sl. fimm ár hefur þetta hlutfall verið 13-14 af hundraði. Línuritið hér til hliðar sýnir árslokastöðu erlendra lána til eins árs og lengri tíma, færða til meðalgengis hvers árs, í hlutfalli af vergri þjóðarframleiðslu ásamt greiðslubyrði slíkra lána í hlutfalli af útflutningstekjum sl. tíu ár.

Stutt vörukaupalán innflytjenda ásamt ýmsum skammtímalánum bankanna jukust um 140 m.kr. reiknað á meðalgengi 1980, en ógreiddur útflutningur jókst um 60 m.kr. reiknað á sama hátt. Nettóinnstreymi á þessum mikilvægu liðum greiðslujafnaðarins, langtímalánnum, stuttum vörukaupalánnum innflytjenda, endurlánuðum skammtímalánnum bankanna og ógreiddum útflutningi, nam rúmum 770 m.kr. á árinu 1980. Í árslok nam nettóskuld við útlönd á þessum liðum 6.380 m.kr., en sé nettógjalddeyriseign bankanna dregin frá þeirri skuld, er nettóskuld þjóðarbúsins við útlönd 5.390 m.kr. reiknað á gengi í árslokin. Á 6. töflu í viðauka um stöðu þjóðarbúsins út á við eru sýndar stöðutölur fyrir þessa liði síðustu 12 ár.


Á öðrum liðum fjármagnsjafnaðarins, sem eru erlent einkafjármagn til atvinnurekstrar og ýmsar stuttar fjármagnshreyfingar, var nettóúttreymi 180 m.kr. Í heild nam nettóinnstreymi á fjármagnsjöfnuði því 590 m.kr.

Utan við fjármagnsjöfnuðinn eru greiðsluhreyfingar bankakerfisins, sem valda breytingum gjalddeyrisstöðunnar, samanber liðinn heildargreiðslujöfnuður á töflu III.5., sem sýnir bráðabirgðayfirlit helstu þátta greiðslujafnaðarins 1980, þar sem einnig eru tilgreindar tölur fyrir árið 1979. Til þess að auðvelda samanburð hafa tölur ársins 1979 verið umreiknaðar til meðalviðskiptagengis 1980.


Tafla III.5. Greiðslujöfnuður við útlönd.

(I m.kr. á meðalgengi 1980)

	1979	1980
Innfluttar vörur, f.o.b. ....	-3.708	-4.312
Útfluttar vörur, f.o.b. ....	3.836	4.460
Vöruskiptajöfnuður ....	128	148
Þjónustujöfnuður ....	-218	-466
Viðskiptajöfnuður ....	-90	-318
Framlög án endurgjalds ....	-14	-20
Fjármagnsjöfnuður ....	324	591
Úthlutun SDR ....	16	16
Heildargreiðslujöfnuður ....	236	269



Á 4. töflu í viðauka er nánara yfirlit yfir greiðslujöfnuð við útlönd 1976—1980, og á 5. töflu er ársfjórðungslegt yfirlit 1979 og 1980. Meðfylgjandi yfirlit (III.6.) sýnir gjaldeyrisstöðu bankanna sl. þrjú ár. Tölur í þessu yfirliti eru umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 1980 og eru því á sambærilegu gengi innbyrðis, en ekki við tölur hér að framan, sem miðaðar eru við meðalviðskiptagengi 1980.



Tafla III.6. Gjaldyrisstaða bankanna.

(Í m.kr. á gengi í árslok 1980)

	1978	1979	1980
Seðlabankinn			
Gjaldyrisforði .....	859	1.021	1.104
Gjaldyrissskuldir .....	503	371	195
Nettóstaða Seðlabankans .....	356	650	909
Viðskiptabankar, nettó .....	59	62	78
Gjaldyrisstaða bankanna, nettó .....	415	712	987

Í ársbyrjun 1980 nam skuld Seðlabankans við Alþjóðagjaldyrisjóðinn 34,7 milljónum SDR-eininga. Á árinu voru endurgreiddar 19 milljónir SDR-eininga, nam því skuldin í árslok 1980 15,7 milljónum SDR-eininga, og voru það eingöngu olíulán.


Upphæð langra erlendra lána, sem tekin voru á árinu 1980 og komin inn í gjaldyriskaup bankanna og höfðu þannig bein áhrif á bata gjaldyrisstöðunnar, nam 190 m.kr. á gengi í árslok. Innstæður á gjaldyrisreikningum erlendra aðila námu í árslok 1980 76 m.kr. á móti 32 m.kr. í árslok 1979.



**Greiðsluafkoma og skuldir við Seðlabankann**

**IV. FJÁRMÁL RÍKISSJÓÐS**

Í heild voru ríkisfjármálin í allgóðu jafnvægi á árinu 1980, og minni sveiflna gætti innan ársins en mörg undanfarin ár. Samkvæmt bókhaldi Seðlabankans varð greiðsluafgangur í viðskiptum ríkissjóðs við bankann að fjárhæð 69 m.kr. á árinu 1980 samanborið við 23 m.kr. afgang á árinu 1979. Afborganir af skuldabréfum ríkissjóðs í Seðlabankanum námu tæplega 81 m.kr. og það, sem á vantaði, að greiðsluafgangurinn stæði undir afborgununum, kom fram í samsvarendi lækkun nettóinnstæðu á hlaupareikningum frá áramótum á undan. Mestur hluti skulda ríkissjóðs í Seðlabankanum er bundinn verðbótapætti, og nam endurmat skuldanna á árinu 1980 tæpum 80 m.kr. eða aðeins lítillega lægri fjárhæð en afborganir. Af þessum sökum voru skuldirnar við Seðlabankann nokkru hærri í krónum taldar í árslok 1980 heldur en í ársbyrjun eða 298 m.kr. samanborið við 286 m.kr. í árslok 1979.



Línurit hér til hliðar sýnir skuldir ríkissjóðs, A-hluta, við Seðlabankann í lok hvers árs frá 1972 á verðlagi í árslok 1980 (m.v. hækkun framfærsluvísitölu). Glögg kemur fram, hvernig greiðsluafgangur árána 1979 og 1980 hefur skilað sér í minni skuldum við Seðlabankann, en verðbólgan hefur einnig hlaupið undir bagga og rýrt raungildi þeirra. Reiknaðar á þennan hátt voru skuldirnar við Seðlabankann í hámarki í árslok 1978 eða 660–670 m.kr., en tæplega 300 m.kr. í árslok 1980 eins og fyrr segir, sem var jafnframt lægsta árslokaskuld frá 1973.

Tafla IV.1. sýnir greiðsluyfirlit ríkissjóðs á greiðslugrunni 1980 skv. yfirliti ríkisbókhalds, samanburð við nokkur fyrri ár og fjárlagatölur 1980 og 1981. Tölur árána 1976 til 1979 eru unnar upp úr ríkisreikningi. Greiðsluafgangur ríkissjóðs 1980 nam sem svarar 0,4% af vergri þjóðarframleiðslu samanborið við tæp 0,3% 1979. Línurit til hliðar sýnir hlutfall greiðslu- og rekstrarafgangs ríkissjóðs og vergrar þjóðarframleiðslu frá 1968 til 1980. Eins og það ber með sér hefur aðeins verið greiðsluafgangur á fjórum árum frá 1968 að telja, þ.e.

Tafla IV.1. Yfirlit um fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni.

Í milljónum króna	Fjárlög						
	1976	1977	1978	1979	1980	1980	1981
1 Tekjur	683	956	1543	2378	3661	3462	5515
2 Gjöld	698	1011	1611	2467	3689	3432	5457
3 Rekstrarafgangur (1—2)	-15	55	-68	-89	-28	30	57
4 Viðskiptareikningar og lán utan Seðlabankans	10	37	30	112	83	66	71
5 Greiðsluafgangur (3 + 4)	-5	-18	-38	23	55	96	128
51 Gagnvart Seðlabanka	-9	-21	-46	22	46	81	100
52 Bankainnstæður og sjóður	4	3	8	1	9	15	28

Hlutföll af vergri þjóðarframleiðslu hvers árs (%)

1 Tekjur	25,7	25,1	26,7	28,1	27,6	—	—
2 Gjöld	26,2	26,5	27,9	29,3	27,8	—	—
3 Rekstrarafgangur	-0,6	-1,4	-1,2	-1,1	-0,2	—	—
5 Greiðsluafgangur	-0,2	-0,5	-0,7	0,3	0,4	—	—



1970, 1972, 1979 og 1980, flest önnur ár nokkur halli, og árin 1974 og 1975 varð mjög mikill greiðsluhalli.

Á neðri hluta töflu IV.1. eru sýnd hlutföll af vergri þjóðarframleiðslu. Samkvæmt bráðabirgðatölum 1980 urðu hlutföll tekna og gjalda annars vegar og vergrar þjóðarframleiðslu hins vegar nokkru lægri á því ári heldur en 1979. Hlutföll þessi eru einnig sýnd á línuriti til hliðar. Hlutföllin 1980 kunna að verða eitthvað hærrí, þegar endanlegar tölur liggja fyrir.

### Þróun tekna og gjalda

Eins og línuritið ber með sér hafa umsvif ríkissjóðs vaxið á undanfönum árum miðað við verga þjóðarframleiðslu. Sem dæmi má nefna, að árin 1968 til 1971 námu tekjur og gjöld ríkissjóðs 23—23,5% vergrar þjóðarframleiðslu, en um og yfir 28% árin 1978—1980. Aukningin svarar til um 600 m.kr. m.v. verga þjóðarframleiðslu 1980.

Ef einstakir tekna- og gjaldaliðir eru skoðaðir, kemur í ljós, að hlutfall beinna skatta af vergri þjóðarframleiðslu hækkar og lækkar á víxl frá ári til árs, en sýnir ekki ótvíræða tilhneigingu í aðra hvora áttina. Teknaaukningin undanfarin ár hefur því að mestu verið í formi óbeinna skatta, þar sem söluskatturinn hefur vegið þyngst. Tekjur af aðflutningsgjöldum hafa dregist saman undanfarin ár vegna samninga við EBE og EFTA, en söluskattshækkanir hafa að fullu vegið upp það tekjutap. Til viðbótar hafa síðan komið nýir tekjustofnar eins og sérstakt vörugjald, sem fyrst sá dagsins ljós á miðju ári 1975 og er nú orðinn mikilvægur liður í tekjuöflun ríkisins, skilaði t.d. 260 m.kr. í ríkissjóð á árinu 1980 eða rúmum 7% heildar-tekna.



Gjaldamegin hefur hlutur fjárfestingar og fjármagnstílfærslna dregist saman undanfarin ár, og því á aukning ríkisútgjalda að öllu leyti rætur að rekja til ýmissa rekstrarliða, sérstaklega þó til rekstrar- tilfærslna, en til þeirra teljast m.a. greiðslur í gegnum almannatryggingakerfið og niðurgreiðslur. Samneyslan, sem samanstendur aðallega af launagreiðslum og kaupum ríkisins á vörum og þjónustu, hefur einnig vaxið nokkuð.


### Þróunin innan ársins

Stefnan í fjármálum ríkisins var mörkuð í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar og síðar í fjárlögum fyrir 1980, sem samþykkt voru á Alþingi í byrjun aprílmánaðar. Ríkissjóður skyldi rekinn með greiðsluafgangi og áhersla lögð á að draga úr árstíðabundnum halla. Fram að þeim tíma, er fjárlög voru samþykkt, voru greiðslur úr ríkissjóði inntar af hendi á grundvelli takmarkaðra greiðsluheimilda frá Alþingi. Greiðsluafkoman á fyrstu mánuðum ársins var miklu betri en vænta hefði mátt, en ósagt skal látið, hver tengsl kunna að hafa verið á milli þess og þeirrar staðreyndar, að fjárlög voru ekki afgreidd fyrr en í apríl.

Ástæður þess, að ríkisfjármálin voru í betra jafnvægi á árinu 1980 en oft áður, eru sjálfsagt margvíslegar. Nefna má, að síðla árs 1979 var gripið til tekjuaukandi aðgerða, þ.e. hækkunar söluskatts og vörugjalds, og síðan kom frekari söluskattshækkun til framkvæmda í apríl 1980, og átti hún að standa undir jöfnun hitunarkostnaðar. Á fyrri hluta ársins var einnig mjög mikill innflutningur til landsins, og endurspegladist hann í ríflegum tolltekjum. Af þessum sökum voru tekjur ríkissjóðs á fyrri hluta ársins miklar eða 60—65% meiri en á sama tímabili 1979 fram yfir mitt ár, en gjöldin á sama tíma lengst af 40—50% meiri en 1979. Snemma á haustmánuðum var því útlit fyrir, að e.t.v. yrði greiðsluafkoma ríkissjóðs betri á árinu í heild en gert er ráð fyrir í fjárlögum. Hins vegar slaknaði tekjuinnheimtan verulega seinustu mánuðina, einkum varð samdráttur í innheimtu beinna skatta, þegar leið að lokum ársins, og ýmsir aðrir liðir gáfu einnig minna af sér en vænst var, svo sem ÁTVR, en tekjur af sölu áfengis og tóbaks voru lægri í krónum taldar í desember 1980 heldur en í sama mánuði 1979.

Um leið og tekjur innheimtust tiltölulega fyrr á árinu, voru ríkisútgjöld með minna móti fram eftir árinu. Á fyrstu sex mánuðum innheimtust 43% heildartekna ársins og til féllu tæp 44% heildarútgjaldanna skv. mánaðaryfirlitum ríkisbókhalds. Á árunum 1972 til 1979 innheimtust að meðaltali 41,5% teknanna á fyrri árshefningi, og um 45% gjaldanna féllu til.

## Innanárssveiflan



Sú þróun tekna og gjalda, sem lýst hefur verið, kom fram í því, að innanárssveiflan, sem jafnan gætir í fjármálum ríkissjóðs, var mun mildari á árinu 1980 en undanfarin ár og yfirdráttarskuldin í Seðlabankanum að sama skapi minni en búast hefði mátt við. Sem dæmi má nefna, að meðaltal yfirdráttarskuldar í Seðlabankanum á árinu 1980 var 109 m.kr., en 123 m.kr. á árinu 1979. Sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu var meðalyfirdráttarskuldin á árinu 1980 0,82%, en 1,46% árið á undan. Minni yfirdráttarskuld kemur fram í lægri vaxtakostnaði ríkissjóðs og þar með betri rekstrarjöfnuði en ella. Línurit hér til hliðar sýnir greiðsluhreyfingar ríkissjóðs frá ársbyrjun til loka hvers mánaðar 1980 í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu og meðaltalsgreiðsluhreyfingar árinna 1976—1979 til samanburðar. Neðri hluti línuritsins sýnir meðalyfirdráttarskuld í mánuði hverjum 1980 og meðaltöl hvers mánaðar 1976 til 1979 í hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu.

Eins og áður hefur verið greint frá í ársskýrslum bankans gætir einnig mjög taktvissrar sveiflu í fjármálum ríkissjóðs innan hvers mánaðar. Yfirdrátturinn í Seðlabankanum eykst hratt allra fyrstu daga hvers mánaðar, en dettur síðan niður á ný síðustu daga mánaðarins. Vegna þessa er meðalskuldin í hverjum mánuði miklu hærri en mánaðarlokastaðan, eins og línuritið ber með sér, en lægsta yfirdráttarskuld í hverjum mánuði er oftast á síðasta degi hans. Þessar ákveðnu innanárs- og innanmánaðarsveiflur valda því, að þrátt fyrir að ríkissjóður skili nokkrum greiðsluafgangi á tilteknu ári, þá eru engu að síður líkindi til, að hann sé nær alla daga ársins í yfirdráttarskuld við Seðlabankann. Dæmi um þetta er einmitt árið 1980, þegar ríkissjóður skiladi greiðsluafgangi á árinu í heild, en var samt sem áður í 109 m.kr. yfirdráttarskuld að meðaltali allt árið.

Samkvæmt mánaðaryfirlitum ríkisbókhalds fyrir 1979 og 1980 voru innheimtar tekjur 53,4% meiri 1980 en árið á undan og ríkisútgjöld 52,7% meiri. Af einstökum liðum má nefna, að beinir skattar jukust um aðeins 17,7%, en þá verður um leið að hafa í huga mikla aukningu þeirra á árinu 1979. Söluskattstekjur jukust um 72,3% og tekjur af sérstöku vörugjaldi um rúm 78%. Gjaldamegin má nefna, að til niðurgreiðslna var varið 18% hærri fjárhæð 1980 en 1979, en samsvarandi aukning 1979 var tæp 112%. Segja má, að bætt útkoma ríkissjóðs síðustu tvö árin stafi af því, að aukinna tekna hefur verið aflað til að standa undir gjöldum, sérstaklega með meiri beinum sköttum 1979 og óbeinum sköttum, aðallega söluskatti, 1980, og bæði árin hafa tekjur af sérstöku vörugjaldi aukist verulega.



Tafla IV.2. Lánsfjárförf ríkisins 1980 og fjármögnun hennar.

(Í m.kr.)

	Upphafleg lánsfjár- áætlun		Bráðab.- niður- staða <sup>1)</sup>
	Breytingar		
1 Ráðstöfun alls .....	353,9	42,2	396,1
11 A-hluti .....	120,6	7,7	128,3
1101 Vegagerð .....	83,0	-1,0	82,0
1102 Landshafnir .....	1,3	—	1,3
1103 Grundartangahöfn .....	1,0	—	1,0
1104 Laxastigi í Laxá .....	0,5	—	0,5
1105 Járblendifélag, hlutafé .....	2,0	-0,3	1,7
1106 Landsvirkjun, eigið fé .....	2,6	—	2,6
1107 Þjóðarbókhlaða .....	3,0	—	3,0
1108 RARIK v/ félagslegra framkvæmda .....	6,0	—	6,0
1109 Þróunaraðstoð við Cabo Verde .....	2,3	—	2,3
1110 Krafla, fjármagnsútgjöld .....	15,0	—	15,0
1111 Hafisvegur, jaðarbyggðir .....	4,0	9,0	13,0
12 B-hluti .....	233,3	34,5	267,8
1201 RARIK, almennar framkvæmdir .....	42,5	9,1	51,6
1202 RARIK v/ rekstrarhalla .....	—	5,0	5,0
1203 Byggðalínur .....	50,2	1,8	52,0
1204 Kröfluvirkjun .....	15,8	11,1	26,9
1205 Orkusjóður v/ styrkingar dreifikerfa .....	9,8	—	9,8
1206 Orkusjóður v/ sveitarafvæðingar .....	3,8	-0,1	3,7
1207 Orkusjóður v/ einkarafstöðva .....	0,4	—	0,4
1208 Orkusjóður v/ byggðalína .....	30,9	—	30,9
1209 Orkusjóður v/ hitaveitulána .....	4,5	-2,0	2,5
1210 Orkusjóður v/ jarðhitaleitar .....	1,4	—	1,4
1211 Póstur og sími v/ jarðstöðvar .....	4,0	8,0	12,0
1212 Póstur og sími, vörukaupalán .....	4,2	-1,5	2,7
1213 Endurlán v/Grundartangahafnar .....	0,3	—	0,3
1214 Ríkisútvarp .....	2,7	—	2,7
1215 Jarðvarmaveitur ríkisins .....	5,0	3,0	8,0
1216 Flugmálastjórn, vörukaup .....	1,8	-1,8	—
1217 Flugmálastjórn, malbikun .....	1,8	-1,8	—
1218 Skipaútgætur ríkisins .....	1,8	-0,7	1,1
1219 Virkjunarrannsóknir .....	4,5	2,6	7,1
1220 Áburðarverksmiðjan .....	6,0	—	6,0
1221 Byggðasjóður .....	15,0	-8,1	6,9
1222 Bjargráðasjóður .....	15,0	—	15,0
1223 Lánasjóður íslenskra námsmanna .....	12,0	—	12,0
1224 Landhelgissjóður .....	—	8,3	8,3
1225 Landssmiðjan .....	—	1,2	1,2
1226 Siglósíld .....	—	0,5	0,5
2 Fjármögnun alls .....	353,9	42,2	396,1
21 Innlend lán .....	240,4	-3,8	236,6
211 Spariskirteini .....	70,0	—	70,0
212 Innheimt af endurlánuðu spariskirteinafé .....	67,4	30,3	97,7
213 Verðbréfa kaup bankakerfis .....	39,0	-1,8	37,2
214 Verðbréfa kaup lífeyrissjóða .....	60,0	-48,2	11,8
215 Önnur fjáröflun .....	4,0	15,9	19,9
22 Erlend lán .....	113,5	32,6	146,1
23 Bráðabirgðalán frá Seðlabanka .....	—	13,4	13,4

<sup>1)</sup> Meðtaldar ónotaðar heimildir frá árinu 1979.

## Lánsfjáráætlun ríkisins

Í fjárfestingar- og lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar voru kynnt framkvæmdaáform ríkisins fyrir 1980. Athygli vakti aukin áhersla á innlendar fjáröflunarleiðir, sérstaklega frá bankakerfinu, en bætt ávöxtun bankainnlána var talin mundu auka ráðstöfunarfé banka-anna, þannig að þeir gætu í auknum mæli tekið þátt í fjármögnun fjárfestingar. Sömuleiðis var ráðgert að fjármagna ríkisframkvæmdir að hluta með lánnum frá lífeyrissjóðunum.

Tafla IV.2. sýnir lánsfjáráætlun ríkisins 1980 og bráðabirgðauppgjör hennar. Fram kemur á fjáröflunarhliðinni, að auk lána frá bönkum og lífeyrissjóðum var fyrirhugað að selja spariskírteini ríkissjóðs fyrir 90 m.kr. og að nota 67 m.kr. af innheimtufé spariskírteinalána. Gert var ráð fyrir, að innheimtufé myndi í heild nema 94 m.kr., en ákveðið var að geyma hluta þess til að eiga á móti innlausn spariskírteina í ársbyrjun 1981. Að síðustu var fyrirhugað, að gerð hafisvegur yrði fjármögnuð með láni frá Framkvæmdasjóði (4 m.kr.).

Þegar leið á árið, varð ljóst, að innlendir fjáröflunarleiðir myndu ekki gefa eins mikið af sér og vænst hafði verið, og sömuleiðis varð heildarfjárþörfin meiri. Því var gripið til þess að ráðstafa öllu innheimtufé spariskírteinalána, og það, sem á vantaði, var síðan brúað með erlendum lánnum og bráðabirgðalánnum frá Seðlabankanum.

Lánahreyfingar ríkisins, tengdar lánsfjáráætlun, fara að langmestu leyti um svokallaðan Endurlánareikning, þ.e.a.s. hann miðlar því lánsfé, sem tilgreint er á fjáröflunarhliðinni í samræmi við lánsfjáráætlun hverju sinni. Þar sem lántökur fara ekki alltaf saman við ráðstöfun, nýtur Endurlánareikningur oft á tíðum skammtímafyrirgreiðslu í formi hlaupareikningsyfirdráttar í Seðlabankanum. Málum var þannig háttað, að mestallt árið 1980 var talsverður yfirdráttur á lánsfjáráætlunarreikningunum, sérstaklega á síðustu mánuðum ársins, þar eð umtalsverður hluti erlendu lánanna kom ekki inn fyrr en í lok ársins.

Í Seðlabankanum eru einnig reikningar nokkurra B-hluta aðila, sem jafnan eiga innstæðu. Lengst af á árinu 1980 vó innstæða þessara aðila að fullu upp skuldina á lánsfjáráætlunarreikningunum, en síðustu þrjá mánuðina var talsverð nettóskuld B-hluta aðilanna við Seðlabankann, og bættist hún ofan á skuld A-hluta ríkissjóðs við bankann.

## V. PENINGAMÁL

Gjaldeyrisviðskipti og endurkaup réðu mestu um útstreymi fjár úr Seðlabankanum á árinu 1980 auk áberandi rýrnunar lausafjárstöðu innlánsstofnana um miðbik ársins. Að þessu leyti svipar þróuninni mjög til þeirrar, er varð á árinu 1979, og einnig að því er varðar greiðsluafkomu ríkissjóðs, en þessi tvö ár jukust skuldir ríkissjóðs við Seðlabankann mun minna en næstu árin á undan. Hins vegar varð aukning peningamagns og sparifjár mun meiri árið 1980 en 1979 eða 66% samanborið við 56%.

Á fyrri hluta árs gætti nokkurrar sölutregðu á Bandaríkjamarkaði, og höfðu útflutningstekjur fyrst veruleg áhrif á peningaframboð á síðari árshelmingi. Auk þess mótaðist framvinda peningamála nokkuð af óvenjulegu óvissuástandi í efnahagsmálum, sem skapaðist við stjórnarslit haustið 1979 og tilraunir til stjórnarmyndunar, sem stóðu framan af ári 1980. Fjárlög fyrir árið voru afgreidd þrem mánuðum síðar en venja er til, og lánsfjáráætlun, sem fylgja á fjárlöggunum, var fyrst lögð fram í maímánuði. Þá stóðu kjaradeilur yfir mestallt árið. Við þetta bættist, að stjórnvöld voru hikandi við að framkvæma ákvæði laga um vaxtamál og ákváðu m.a. að fresta þeim áfanga vaxtastefnunnar, sem áformað var að ná hinn 1. mars. Þessar aðstæður komu margsinnis af stað orðrómi um gengisfellingu krónunnar og áttu vafalaust þátt í því, hve framvinda peningamála varð með ólíkum hætti á fyrri hluta árs og þeim síðari. Viðskiptajöfnuður við útlönd var mjög óhagstæður á fyrri hluta árs, enda var almennur innflutningur um 40% meiri á fyrsta ársfjórðungi 1980 en 1979 og um 31% meiri á öðrum ársfjórðungi, hvort tveggja reiknað á föstu gengi. Á 12 mánuðum til júniloka nam innlánaaukning um 58%, þegar með eru taldir áfallnir vextir. Á þessum tíma var aukning veltiinnlána áberandi, en þau jukust um 61%.

Útlán innlánsstofnana jukust verulega framan af ári eins og algengt er, þegar útflutningsbirgðir safnast fyrir. Reyndar var lánsfjárefrtir-spurn allra greina mikil og áberandi var, hve lán til einstaklinga jukust ört. Aukning heildarútlána nam 61% á 12 mánuðum til júniloka. Í lánsfjáráætlun var gert ráð fyrir hóflegri aukningu útlána á





### Þróun síðari hluta ársins

árinu 1980 eða 38%, sem byggist á þeirri forsendu, að skjótur árangur næðist í baráttunni við verðbólguna. Markið reyndist vera of fjarlægt og var því ekki að þessu sinni samið við innlánsstofnanir um ákveðin útlánamarkmið eins og á undanförunum árum, heldur brýndi Seðlabanki fyrir innlánsstofnunum að halda lausafjárstöðu sinni í viðunandi horfi. Fyrirgreind þróun leiddi hins vegar til verulegrar rýrnunar lausafjárstöðunnar, og varð árviss fall hennar um miðbik ársins brattara að þessu sinni en venja er til. Frá áramótum til júní-loka versnaði staðan um 250 m.kr. samanborið við 89 m.kr. rýrnun í sömu mánuðum 1979. Í ágústlok voru 6 bankar og 10 sparissjóðir í yfirdrætti á viðskiptareikningi sínum við Seðlabankann, samtals að fjárhæð 247 m.kr. Til að hvetja enn frekar til aðhalds í þessum eignum hækkaði Seðlabanki yfirdráttarvextina, þannig að á síðasta þriðjungi ársins bar yfirdráttur umfram viss mörk 5,5% vexti á mánuði, en innan markanna voru vextirnir 4,75% eins og verið hafði. Vextir af innstæðu á viðskiptareikningi voru einnig hækkaðir verulega eða úr 33% í 40%.

Á síðari hluta ársins skýrðust línur nokkuð í efnahagsmálum, m.a. með vaxtabreytingum, sem staðfestu vilja stjórnvalda til að koma á verðtryggingu sparifjár og útlána í anda efnahagslaganna frá 1979. Straumhvörf urðu í gjaldeyrisviðskiptum, er saman fór mikill bati á viðskiptajöfnuði við útlönd og verulegur afgangur á fjármagnsjöfnuði vegna erlendra lána í kjölfar síðbúinnar lánsfjárátunnar. Í árslok var gjaldeyrisstaða bankanna styrkari en verið hefur síðan 1973. Innlán tóku einnig að aukast hraðar, og nam ársaukning heildarinnlána 67,4%, bundinna spariinnlána 64,9%, almennra spariinnlána 67,2% og veltiinnlána 71,8%. Verulega dró úr aukningu útlána, enda höfðu bankar gert með sér samkomulag um sérstaka takmörkun þeirra. Aukning útlánanna á árinu í heild nam 60,6%, en var heldur minni eða 57,6%, þegar frá eru talin lán, endurseld Seðlabanka. Lausafjárstaða batnaði um 323 m.kr. á seinni árshelmingi og var í lok ársins betri en hún hefur verið um árabil.

Endurkaup Seðlabankans jukust mikið á árinu eða um 69%. Stafar þetta m.a. af mikilli birgðaaukningu í sjárvarútvegi og öru gengis-sigi, en um 60% afurðalána voru bundin gengi Bandaríkjadollara. Skyldubundnar innstæður hækkuðu um sem næst sömu fjárhæð og endurkaupin eða um rúmlega 400 m.kr. Bindiskylduhlutföll voru óbreytt á árinu, enda sett í lögleyft hámark (28%) á miðju ári 1979. Fæstar stofnanir náðu hámarkinu fyrr en í árslok og lækkaði þá hlutfallið, sem bundið er, af aukningu innlána hverju sinni úr 30%.

Kröfur Seðlabankans á ríkissjóð (A-hluta) námu 298 m.kr. í lok árs 1980 og höfðu aðeins aukist um 12 m.kr. á árinu, enda þótt geymdur



Tafla V.1. Úr reikningum Seðlabankans.

Í milljónum króna	Staða 31/12 1980	Hreyfingar				
		1979	1980	1.árs- þriðj. 1980	2.árs- þriðj. 1980	3.árs- þriðj. 1980
1 Gjaldeyrisstaða . . . . .	904	230	504	27	56	421
(þar af endurmat v/gengis) . . . . .	—	(65)	(237)	(44)	(56)	(137)
2 Innlendir liðir, nettó . . . . .	617	50	151	80	41	30
21 Kröfur á ríkissjóð, nettó <sup>1)</sup> . . . . .	315	4	32	85	—34	—19
211 A-hluti . . . . .	298	26	12	77	—52	—13
212 B-hluti . . . . .	17	—22	20	8	18	—6
22 Kröfur á fjárfestingarlsj. . . . .	19	—3	3	—	—1	4
23 Endurkaup . . . . .	992	190	405	115	35	255
231 Landbúnaður . . . . .	309	77	72	—61	14	119
232 Sjávarútvegur . . . . .	556	98	274	158	—19	135
233 Iðnaður . . . . .	105	22	42	18	6	18
234 Önnur . . . . .	22	—7	17	—	34	—17
24 Aðrar kröfur á innlánsst. . . . .	111	41	18	59	159	—200
25 Kröfur á aðra aðila . . . . .	10	—1	9	—	—	9
26 Sjóðir í opinberri vörslu <sup>2)</sup> . . . . .	—256	—43	—17	—19	59	—57
27 Innstæður fjárfestingarlsj. <sup>2)</sup> . . . . .	—56	—43	17	9	—20	28
28 Annað, nettó . . . . .	—518	—95	—316	—169	—157	10
3 Grunnfé . . . . .	1521	280	655	107	97	451
31 Innstæður innlánsstofnana . . . . .	1303	244	594	102	75	417
32 Seðlar og mynt í umferð . . . . .	218	36	61	5	22	34


Hreyfingar í % á ári <sup>3)</sup>					
Grunnfé . . . . .	47,8	75,6	47,4	73,9	112,0
Endurkaup . . . . .	47,9	69,0	89,4	40,5	43,5
Seðlar og mynt . . . . .	29,8	38,9	39,0	42,6	33,5

<sup>1)</sup> Endurlánuð löng erlend lán eru ekki talin með. <sup>2)</sup> Innstæða og innstæðuaukning eru merktar með mínusmerki. <sup>3)</sup> Ársigildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum.

verðbótapáttur vaxta af lánnum ríkissjóðs hafi verið um 80 m.kr. Kröfur á B-hluta stofnanir jukust um heldur meira, og nam hrein skuldaaukning ríkissjóðs og ríkisstofnana í heild við bankana um 32 m.kr. samanborið við 4 m.kr. árið áður. Innan ársins fylgdu þessar stærðir hefðbundnu mynstri, sem felur í sér, að skuldir aukast fyrstu mánuðina, en lækka síðan aftur. Við fyrrnefnda afgreiðslu fjárlaga kom upp óvenjuleg staða, sem virðist hafa dregið mjög úr venjulegri peningamyndun af þessum toga á fyrri hluta árs.

## Peningaframbod

Fróðlegt er að skoða framangreinda þróun með hliðsjón af þeim tvíþætta vanda, sem mest bar á á síðasta áratug. Er hér í fyrsta lagi átt við miklar sveiflur, sem gjarnan koma fram í framboði peninga af ýmsum ástæðum. Þær má fyrst og fremst rekja til óstöðugra útflutningstekna, en einnig til annarra þátta svo sem erlendra lána, árstíðabundinna breytinga í fjármálum ríkissjóðs og ósveigjanlegra endurkaupareglna. Stjórnþæki hafa reynst ófullnægjandi til að draga úr þensluáhrifum þess á uppgangstímum og fjármálakerfið í heild því illa fallið til að milda áhrif utanaðkomandi áfalla á krepputímum nema með erlendum lánnum. Að vaxtaákvæðum undanskildum hefur




aðgerðum í peningamálum ekki verið beitt að marki til aðhalds, annaðhvort vegna þess að stjórnvöld treysta ekki á, að það beri árangur, eða af ótta við, að slíkt myndi skapa atvinnuleysi eða á annan hátt stangast á við meginmarkmið í efnahagsmálum.

Reynslan á árinu 1980, sem að framan er lýst, er í samræmi við reynslu síðustu ára að því leyti, að sveiflur í peningaframboði endurspegluðust nær eingöngu í lausafjárstöðu innlánsstofnana, enda sköpuðu skyldubundnar innstæður í Seðlabankanum ekkert mótvægi, þar sem því var öllu eytt með endurkaupum bankans. Þetta fyrirkomulag getur valdið því, að innlánsstofnanir ofmeti útlánagetu sína á uppgangstímum og eigi því engan varaförða, þegar á móti blæs, þannig að með starfsemi sinni auki þær hagsveiflur í báðar áttir í stað þess að jafna þær út. Þessu var raunar ekki til að dreifa á árinu 1980, enda hefur verið reynt að sporna við þessum áhrifum með hagstæðum vaxtakjörum af innstæðum í Seðlabanka og háum refsivöxtum af yfirdrætti. Hættan er þó alltaf fyrir hendi, þegar lausafjárstaða tekur miklum breytingum eins og dæmi eru um, sérstaklega ef vextir liggja langt undir verðbólguþigginu og lánsfjáreftir-spurn verður óseðjandi.

Innlánsstofnanir hljóta alltaf að leitast við að eiga vissan forða af handbæru fé til að mæta óvæntum breytingum. Þegar lausafjárstaða síðustu fimm ára er skoðuð, kemur í ljós, að auk árstíðabundinna breytinga virðist staðan hafa tekið reglulegum tveggja ára breytingum, því að hún var allgóð árin 1977 og 1979, en mun lakari árin 1976, 1978 og 1980. Þetta kann að benda til þess, að í hringiðu verðbólgunnar og við síbreytilegt peningaframboð reynist erfitt að skilja á milli reglulegra og óreglulegra breytinga lausafjárstöðunnar og útlánageta að einhverju leyti metin með hliðsjón af lausafjárstöðu liðins árs, t.d. vegna biturrar reynslu þá.

Sem dæmi um sveiflur peningaframboðs má nefna sjöföldun á skuldum ríkis við Seðlabankann 1974 og 1975 eða tvöföldun á endurkeyptum afurðalánum 1974. Áhrifamestu sveiflurnar stafa þó af breytingum útflutningstekna. Mæld á föstu gengi jukust gjaldeyriskaup bankanna t.d. um 30% árið 1973. Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins er ætlað að jafna slíkar sveiflur að nokkru, en ljóst er, að viðmiðunarverð sjóðsins hafa m.a. ráðist af þróun framleiðslukostnaðar og gengis. Ætla má, að betri árangur næðist, ef meira tillit væri tekið til verðbreytinga á erlendum mörkuðum. Engu að síður kæmu fram sveiflur í peningaframboði, sem tiltæk stjórnþæki ná ekki að jafna, en unnt er að draga úr þeim, t.d. með því að minnka árstíðabundinn yfirdrátt ríkissjóðs hjá Seðlabanka og gera reglur um bindiskyldu og endurkaup sveigjanlegri, svo að dæmi séu nefnd. Á síðustu þrem árum hefur aukinn peningalegur sparnaður einmitt





verið nýttur til að draga úr sjálfvirkum endurkaupum með lækkun endurkaupahlutfalla um samtals 6,5 prósentustig. Síðasta lækkunin, um 1,5 prósentustig, kom til framkvæmda snemma árs 1980, en þá var hætt við frekari aðgerðir að sinni að ósk ríkisstjórnarinnar. Var þá endurkaupahlutfall komið í 52% af verðmæti útflutningsafurða og 48,5% af afurðum fyrir innanlandsmarkað.

Sameiginlegt með aðgerðum af þessum toga er, að þær koma í veg fyrir óhóflegt útstreymi fjár úr Seðlabanka á uppgangstímum, sem í daglegu tali nefnist seðlaprentun, og milda samdráttaráhrif. Þannig yrði ráðist að uppruna peningamyndunar og komið í veg fyrir þensluáhrif hennar, en reynslan sýnir einmitt, að þörf er fyrir virkari stjórnþæki á sviði peningamála á uppgangstímum.

Betur hefur gengið að fást við annan vanda í peningamálum, sem mjög var áberandi á fyrri hluta áratugarins og fölginn var í stórfelldri rýrnun peningalegs sparnaðar, sem stafaði af lélegum ávöxtunarkjörum.

Þessi þróun snerist við, eftir að tekið var að bæta ávöxtun sparifjár, fyrst með stofnun vaxtaaukareikninga árið 1976 og síðar með því að koma á verðtryggingu eins og mælt er fyrir með efnahagslögunum frá 1979. Árangurinn sést greinilega á þróun heildarinnlána, sem nú hafa aukist í hlutfalli við þjóðarframleiðslu síðustu 2 ár eftir 11 ára rýrnunartímabil. Árið 1980 nam aukning þeirra 67,4%, sem bera má saman við 58,9% hækkun framfærsluvísitölu. Slíkur vöxtur er grundvallarforsenda þess, að það takist að styrkja innlendan lána- markað og draga úr erlendum lánnum. Á árinu 1980 var samið við fulltrúa banka og sparisjóða um verðbréfalán þeirra til opinberra framkvæmda og sjóða, sem annars hefðu þurft erlent lánsfé. Lán bankanna námu 7% af innlánaaukningu, en lán sparisjóða 3%.

## Peningalegur sparnaður

Tafla V.2. Úr reikningum innlánsstofnana.

Í milljónum króna	Staða 31/12 1980	Hreyfingar				
		1979	1980	1.árs- þriðj. 1980	2.árs- þriðj. 1980	3.árs- þriðj. 1980
1 Lausafjárstaða . . . . .	318	5	183	-112	-161	456
11 Gagnvart Seðlabanka . . . . .	243	-8	155	-109	-164	428
12 Gagnvart útlöndum . . . . .	75	13	28	-3	3	28
2 Bundnar innstæður . . . . .	941	204	408	152	75	181
3 Aðrar innstæður í Seðlabanka	63	21	33	3	6	24
4 Útlán*) . . . . .	3608	826	1363	588	354	421
41 Endurseld Seðlabanka . . . . .	992	190	405	115	35	255
42 Önnur útlán . . . . .	2616	636	958	473	319	166
5 Eignir = skuldir . . . . .	4930	1056	1987	631	274	1082
6 Heildarinnlán . . . . .	3929	862	1583	383	101	1099
61 Veltiinnlán . . . . .	804	161	336	159	-42	219
62 Almenn spariinnlán . . . . .	1763	358	711	139	92	480
63 Spariinnlán á uppsagnarrkn.	1362	343	536	85	51	400
7 Endurkaup og verðbréf Seðla- banka . . . . .	1047	205	423	116	36	271
8 Eigið fé og annað, nettó . . . . .	-46	-11	-19	132	137	-288


	Hreyfingar í % á ári <sup>2)</sup>				
Útlán . . . . .	58,2	60,8	80,4	46,7	57,1
Heildarinnlán . . . . .	58,1	67,5	68,8	58,3	76,0
Veltiinnlán . . . . .	52,4	71,8	85,1	16,3	133,9
Almenn spariinnlán . . . . .	51,6	67,6	64,8	68,4	70,0
Spariinnlán á uppsagnarreikningum . . . . .	58,5	64,9	76,1	67,0	53,3

Árangur stefnunnar í vaxtamálum kemur enn betur í ljós, þegar litið er á samsetningu innlána. Bundin innlán, sem bera besta ávöxtun, voru um 28% heildarinnlána í lok ársins 1970, 24% í lok árs 1975, en 35% í árslok 1980. Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu hafa bundin innlán aukist stöðugt, frá því að vaxtaaukareikningar voru stofnaðir.

Vaxtastefnan hefur einnig sett sitt mark á samsetningu útlána, þar sem hlutdeild víxla hefur minnkað verulega, en skuldabréf fengið vaxandi þýðingu. Þegar afurðalán eru ekki talin með, reyndust nú 72% útlána vera í víxilformi í lok árs 1970, en 43% í árslok 1980. Enda þótt víxillinn gegni áfram veigamiklu hlutverki í viðskiptalífínu, hljóta skuldabréf með reglulegum afborgunum að teljast heppilegra form fyrir almenn útlán innlánsstofnana, sem stuðlað getur að heilbrigðari viðskiptaháttum.



**Vaxtabreyting  
1. júní**



Hinn 1. júní 1980 voru vextir inn- og útlána hækkaðir um 3—4 prósentustig í samræmi við ákvæði efnahagslaga nr. 13/1979 um, að verðtryggja beri sparifé og útlán. Í samræmi við stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar voru hinn 1. júlí stofnaðir nýir innlánsreikningar við innlánsstofnanir, verðtryggðir á þann hátt, að höfuðstóll breytist mánaðarlega í samræmi við breytingu lánskjaravísitölu. Auk fullrar verðtryggingar bera innstæður þessara reikninga 1% vexti. Í fyrstu gildi tveggja ára binding frá stofnun hvers reiknings, en eins árs binding að ári liðnu. Hinn 13. febrúar 1981 var bindireglunni breytt skv. efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, þannig að á sex mánaða fresti, talið frá næstu mánaðamótum eftir stofnun reiknings, er unnt að taka út fjárhæð, sem staðið hefur í fulla sex mánuði, ásamt verðbótum. Féð er laust til útborgunar í einn mánuð í senn.

Áformað var að endurskoða vexti ársfjórðungslega og ná markmiði efnahagslaganna í árslok 1980, en framkvæmdinni var frestað að ósk ríkisstjórnarinnar. Í árslok voru sett bráðabirgðalög, sem framlengdu aðlögunartímabilið til ársloka 1981. Að öðru leyti er stefnan í vaxtamálum óbreytt, þannig að unnið verður að því að tryggja sparifé, sem bundið er til 3 mánaða eða lengri tíma, gegn verðrýrnun.

Frá setningu efnahagslaganna hafa nafnvextir yfirleitt verið hækkaðir um 12—16 prósentustig, sem felur í sér um 10% hækkun raunvaxta. Til dæmis voru nafnvextir 3 mánaða reikninga 25% og raunvextir um —19% fyrir vaxtabreytinguna 1. júní 1979, þegar fyrsta skrefið að verðtryggingu skv. lögnum var tekið. Í árslok 1980 voru nafnvextir komnir í 40,5% og raunvextir í um —9%, en verðbólgustig var þá svipað og verið hafði hálfu öðru ári fyrr eða um 55%. Verðbólguستيð, sem hér er nefnt, er vegið meðaltal af hækkunum

Verðbólgu- stig	Endur- metið	
	Metið	metið
1/6/79	41,8	53,7
1/9/79	52,3	62,1
1/12/79	57,0	60,7
1/3/80	54,0	56,0
1/6/80	49,0	52,1
1/9/80	51,7	55,4
1/12/80	53,6	55,4


Tafla V.3. Úr reikningum bankakerfisins.

Í milljónum króna	Staða 31/12 1980	Hreyfingar				
		1979	1980	1.árs- þriðj. 1980	2.árs- þriðj. 1980	3.árs- þriðj. 1980
1 Gjaldeyrisstaða . . . . .	980	243	533	24	59	450
(þar af endurmat v/gengis) . . .	—	(65)	(237)	(44)	(56)	(137)
2 Innlendir liðir, nettó . . . . .	3167	655	1111	364	64	683
21 Lán Seðlabanka . . . . .	343	—	43	85	—35	—7
22 Lán innlánsstofnana . . . . .	3608	826	1363	588	354	421
23 Ýmsir sjóðir <sup>1)</sup> . . . . .	—312	—86	—	—11	40	—29
24 Annað, nettó . . . . .	—472	—85	—295	—298	—295	298
3 Peningamagn og sparifé (M3) . .	4147	898	1644	388	123	1133
31 Sparifé á uppsagnarreikn. . . .	1362	343	536	85	51	400
32 Peningamagn og almennt sparifé (M2) . . . . .	2785	555	1108	303	72	733
321 Almennt sparifé . . . . .	1763	358	711	139	92	480
322 Peningamagn (M1) . . . . .	1022	197	397	164	—20	253

Hreyfingar í % á ári <sup>2)</sup>					
Innlendir liðir, nettó . . . . .	46,8	54,0	75,2	44,3	46,1
Peningamagn og sparifé (M3) . . . . .	56,0	65,7	65,6	59,6	72,4
Peningamagn og almennt sparifé (M2) . . . . .	49,5	66,1	64,3	54,5	80,6
Peningamagn (M1) . . . . .	46,0	63,5	79,6	19,0	103,6

<sup>1)</sup> Auk sjóða í opinberri vörslu eru hér innstæður fjárfestingarlánasjóða í Seðlabanka. Innstæður og aukning innstæðna eru merktar með minusmerki. <sup>2)</sup> Ársigildi hreyfinga á hverjum ársþriðjungi eru reiknuð af árstíðaleiðrétum tölum.



framfærsluvísitölu (vog 2/3) og byggingarvísitölu (vog 1/3) á heilu ári, þ.e. á tveim ársfjórðungum fyrir og eftir mælinguna, og vega þeir ársfjórðungar, sem næstir eru, tvöfalt á við hina. Þessi aðferð hefur verið notuð við að meta verðbólguþig við vaxtabreytingar, en þá er stuðst við áætlaðar verðhækkningar næsta hálfu árið. Endurmetið verðbólguþig byggist hins vegar eingöngu á þekktum hækkunum vísitalna. Til fróðleiks eru sýndar tölur á blaðrönd á næstu síðu á undan yfir metið og endurmetið verðbólguþig.

Líklegt er, að bein vísitölubinding innlána og útlána bankakerfisins færir í vöxt á næstunni. Vísitölubundin útlán bera nú yfirleitt 2 1/2% vexti, og skal lánstími ekki vera skemmri en 2 1/2 ár. Í lok árs 1980 voru 6,9% heildarútlána innlánsstofnana vísitölubundin, og eru þá talin með spariskírteini ríkissjóðs í eigu innlánsstofnana, lán vegna opinberra framkvæmda og almenn útlán, sem heimilt var að tengja lánskjaravísitölu frá og með 1. júní 1979. Um áramót voru vísitölubundin innlán hluti hluti heildarinnlána eða aðeins 0,1%. Fjórum mánuðum síðar var hlutdeild þeirra komin í 6,3%, og þá voru um 9,4% heildarútlána vísitölubundin.




Auk þess að hvetja til aukins sparnaðar, eins og að framan er lýst, hefur verðtryggingarstefnan þegar haft veruleg áhrif á viðskiptahætti og verðmyndun, t.d. í fasteignaviðskiptum. Ætla má, að áhrifin komi enn betur í ljós á næstunni í lækkuðu nafnverði fasteigna og lækkuðu útborgunarhlutfalli, um leið og lán, sem viðskiptunum fylgja, færast í verðtryggt form.

Þar sem vísitölubinding nær nú til innlána, sem aðeins eru bundin í sex mánuði, er ljóst, að vextir útlána, sem ekki eru bundin vísitölu, þurfa að liggja um og yfir verðbólguálaginu á hverjum tíma, svo að ekki sé boðið heim hættunni á misnotkun, en í þessum efnum sem mörgum öðrum er engin lausn betri en að draga úr verðbólgu. Enn er þó lítil reynsla fengin af vísitölubindingu innlána, en það ber vott um hugarfarsbreytingu, að eftir margra ára hlé má nú á ný sjá banka auglýsa, að græddur sé geymdur eyrir.

## VI. FJÁRFESTINGARLÁNASJÓÐIR OG LÍFEYRISSJÓÐIR

### Útlán



Í byrjun ársins 1980 voru heildareignir fjárfestingarlánasjóða, sem skýrslur ná yfir, 1.980 m.kr. og er talið, að þær hafi aukist á árinu í um 2.900 m.kr. eða um 46,5%. Ný útlán sjóðanna 1980 námu 660 m.kr., en önnur eignaaaukning felst að mestu í endurmati útlána og sjóðs- og innstæðubreytingum að frádregnum afborgunum eldri útlána. Við samanburð að gerðum nauðsynlegum leiðréttingum kemur í ljós, að ný lán 1980 urðu 38,5% hærri en á árinu 1979, en það ár voru þau 50% hærri en á árinu 1978. Með fjárfestingar- og lánsfjár-áætlun 1980 var stefnt að því, að lánveitingar yrðu ekki yfir 30% hærri en lán 1979. Segja má, að þetta markmið hafi náðst, sé tekið tillit til þess, að verðlagsforsenda áætlunarinnar var sú, að meðalverðlag milli árána 1979 og 1980 hækkaði um 45%, en í reynd hækkaði t.d. vísitala byggingarkostnaðar um 55%. Þannig hefur tekist að halda útlánastarfsemi sjóðanna innan við mark peningaþenslu. Nokkur samdráttur útlána 1980 kemur og fram á línuriti hér til hliðar, þar sem hlutfall lána fjárfestingarlánasjóða af þeirri fjárfestingu, sem þeir lána til, lækkar í 34,5% úr 36,7% árið 1979. Lán til atvinnuvega hafa vaxið hægar en lán til íbúðaeigenda. Síðarnefndu lánin hækkuðu um 51% á árinu 1980, en um 62% árið áður. Samsvarandi tölur um aukin lán sjóðanna til atvinnuvega eru þessar í sömu röð 1980 og 1979: Atvinnuvegir alls 25% og 51%, landbúnaður 24% og 42%, sjávarútvegur 4% og 32%, iðnaður 68% og 100% og verslun og þjónusta 64% og 79%. Mest varð þó aukningin í lánum til bæjar- og sveitarfélaga, 150% árið 1980, en 23% árið 1979, og skýrist þetta af aukinni þátttöku Lánasjóðs sveitarfélaga í fjármögnun hitaveituf framkvæmda 1980. Tafla VI.1. sýnir fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða 1979 og 1980.

### Fjármögnun

Hlutur eigin framlags fjárfestingarlánasjóða að öðrum en breytingum á innstæðum og sjóðum til fjármögnunar reglubundinna útlána er oft hafður til marks um, hvernig sjóðunum vegnar. Mikil lækkun varð á þessum lið 1980, sjá töflu VI.2, og er skýringin aðallega sú, að fyrstu afborganir voru greiddar af stórum erlendum lánum, sem höfðu verið afborgunarlaus fyrstu ár lánstímans.



Tafla VI.1. Fjárstreymi fjárfestingarlánasjóða.

	1979		1980	
	M.kr.	Breytingar f.f.ári, %	M.kr.	Breytingar f.f.ári, %
<i>Uppruni fjármagns:</i>				
Eigið framlag, nettó	59	378	17	-71
Skatttekjur og framlög	171	32	230	34
Lántökur <sup>1)</sup>	256	64	372	45
Frá bankakerfinu <sup>1)</sup>	12	-56	51	325
Frá lífeyrissjóðum	124	97	197	59
Frá Atvinnuleysistryggingasjóði	18	127	17	-6
Innkominn skyldusparnaður	59	44	85	44
Önnur innlend lán	—	.	2	.
Erlend lán <sup>2)</sup>	43	156	20	-53
<i>Uppruni = ráðstöfun</i>	486	63	619	27
<i>Ráðstöfun fjármagns:</i>				
Ný útlán <sup>2)</sup>	444	50	614	38
Breytingar á innstæðum og sjóði	42	.	5	.

1) Bráðabirgðalántökur, nettó, innifaldar. 2) Undanskilin eru lán vegna erlendra endurlána (1979: 15 m.kr. til Orkusjóðs. 1980: 30 m.kr. til Framleiðsluráðs landbúnaðarins og 15 m.kr. til Áhaldahúss Vegagerðarinnar).

Sveiflur í eigin fjármögnun sjóðanna ráðast og af greiðslugetu atvinnuvega, en hún er talin hafa verið með lakara móti 1980. Sú breyting varð annað árið í röð, að nokkuð dró úr mikilvægi skatttekna og framlaga til fjármögnunar útlána, en að sama skapi óx hlutdeild aðfenginna lána, sérstaklega frá innlendum lánamarkaði, sem sá sjóðunum fyrir um 57% af útlánafé þeirra á árinu 1980. Notkun erlendra lána til útlána 1980 varð mun minni en dæmi eru um undanfarin ár eða um 4%.

Tafla VI.2. Fjármögnun útlána fjárfestingarlánasjóða.

Hlutföll í %	1976	1977	1978	1979	1980	Láns- fjár- æðlun 1980
Eigið framlag, nettó . . . . .	1	6	3	3	2	1
Innstæðu- og sjóðsbreytingar . . . . .	-6	-3	-1	-10	-1	1
Annað . . . . .	7	9	4	13	3	0
Skatttekjur og framlög . . . . .	40	42	44	39	37	37
Lántökur . . . . .	59	52	53	58	61	62
Erlend lán . . . . .	20	14	6	10	4	11
Innlend lán . . . . .	39	38	47	48	57	51
Frá bankakerfinu . . . . .	8	8	9	3	8	5
Frá lífeyrissjóðum . . . . .	14	15	21	28	32	27
Frá Atvinnuleysistryggingasjóði . . . . .	5	3	3	4	3	4
Innkomin skyldusparnaður . . . . .	12	12	14	13	14	15
Ný útlán . . . . .	100	100	100	100	100	100

Enn var fram haldið samræmingu lánskjara á árinu 1980. Beindist átakið að því að samræma vexti af verðtryggðum lánum atvinnuvega við 4%-markið, og eru þeir nú ákveðnir hæst 4,75% á ári í stað 5,5% áður. Auk þess varð almennt lækkun á lántökugjöldum, sem hærrí

voru en 1%, niður í það mark. Í töflu VI.3 eru vextir verðtryggðra lána sýndir eins og þeir voru í árslok 1979 og 1980, og er þá raðað eftir hæð vaxta 1980. Algengustu vextir eru 2% og 2,25% á ári til fjárfestingar í landbúnaði og íbúðum og 4% á ári til fjárfestingar í vinnslugreinum sjávarútvegs og landbúnaðar, iðnaði, verslun og þjónustu, svo að eitthvað sé nefnt.

Tafla VI.3. Vaxtakjör vísitölubundinna lána frá fjárfestingarlánasjóðum.  
(% á ári)

	Í árslok	
	1979	1980
Lán Byggingarsjóðs verkamanna <sup>1)</sup> til verkamannabústaða . . . . .	... <sup>2)</sup>	½
Lán Veðdeildar Búnaðarbankans til að breyta lausaskuldum bænda í löng lán . . . . .	½	½
Lán Byggingarsjóðs ríkisins til útrýmingar heilsuspillandi húsnæðis Jarðakaupalán Stofnlánadeildar landbúnaðarins . . . . .	... <sup>2)</sup>	¾
Jarðakaupalán Stofnlánadeildar landbúnaðarins . . . . .	1	1
Verðtryggð lán Byggingarsjóðs . . . . .	... <sup>2)</sup>	2
Ódýrustu lán Veðdeildar Iðnaðarbankans og lán Framleiðnisjóðs landbúnaðarins . . . . .	2	2
Almenn lán Stofnlánadeildar landbúnaðarins . . . . .	3	2
Almenn lán Byggingarsjóðs ríkisins . . . . .	2¼	2¼
Vélalán Iðnlánasjóðs . . . . .	2½	2½
Verðtryggð lán Framkvæmdasjóðs Íslands . . . . .	5	3¾
Lán Verslunarlánasjóðs . . . . .	3½	4
Lán til félagslegra framkvæmda og dráttarvélalán Stofnlánadeildar landbúnaðarins og verðtryggður hluti lána Lánasjóðs sveitarfélaga Vinnslustöðvalán Fiskeiðasjóðs Íslands og Stofnlánadeildar landbúnaðarins <sup>3)</sup> , byggingarlán Iðnlánasjóðs og verðtryggður hluti lána Ferðamálasjóðs . . . . .	5½	4
Dýrustu lán Veðdeildar Iðnaðarbankans . . . . .	5	4¼
Verðtryggður hluti lána Stofnlánadeildar samvinnufélaga . . . . .	5½	4¾

<sup>1)</sup> Framkvæmdalán Byggingarsjóðs verkamanna eru vísitölutryggð með 0% ársvöxtum. Auk þessa á sjóðurinn að lána til leiguíbúða sveitarfélaga, en vextir hafa ekki verið ákveðnir á þeim flokki lána. <sup>2)</sup> Lán þessi voru ekki vísitölubundin í árslok 1979. <sup>3)</sup> Vinnslustöðvalán Stofnlánadeildar landbúnaðarins skiptast til helminga í verðtryggð og gengistryggð lán.

### Framkvæmdasjóður

Um 37% af nýjum lántökum fjárfestingarlánasjóða voru tekin með milligöngu Framkvæmdasjóðs og um 26% nýrra útlána þeirra eiga uppruna sinn í Framkvæmdasjóði. Munur þessara hlutfalla kemur fram við það, að skatttekjur og framlög renna ekki í gegnum Framkvæmdasjóð, og felst hans hlutverk í því að taka lán fyrir fjárfestingarlánasjóðakerfið og ráðstafa þeim til sjóðanna. Auk þessa og utan sins reglubundna starfssviðs sá Framkvæmdasjóður á árinu 1980 um lánsútvegum að fjárhæð 30 m.kr. fyrir Framleiðslurád landbúnaðarins og 15,2 m.kr. með milligöngu Byggingarsjóðs fyrir Áhaldahús Vegagerðarinnar. Öll erlend lán fjárfestingarlánasjóða voru á árinu 1980 tekin með milligöngu Framkvæmdasjóðs. Þau voru: í október 1kr. 1.050 þús. frá Norræna fjárfestingarbankanum, bundið lánskjaravísitölu, í nóvember \$ 6.000 þús. frá Midland Bank, í byrjun desember Sfr. 5.230 þús. frá Norræna fjárfestingarbankanum og í lok desember \$ 4.000 þús. frá Citibank. Notkun lánanna




hefur ekki orðið samstíga þessum lántökum. Átti því Framkvæmdasjóður jafnvirði um \$ 5.891 þús. á gjaldeyrisreikningi í árslok 1980, og eru þá vextir reikningsins meðtaldir. Samsvarandi innstæða í árslok 1979 var \$ 4.820 þús. Tafla VI.4 sýnir skiptingu lána Framkvæmdasjóðs. Nánari upplýsingar um fjárfestingarlánasjóði eru birtar í 25.—28. töflum í viðauka.

Tafla VI.4. Lán Framkvæmdasjóðs.

Í m.kr.	1977	1978 <sup>1)</sup>	1979	1980
Stofnlánadeild landbúnaðarins . . . . .	14,5	18,5	19,5	27,5
Veðdeild Búnaðarbanka Íslands . . . . .	1,0	—	—	—
Fiskveiðisjóður Íslands . . . . .	32,5	21,0	68,8	59,1
Iðnlánasjóður . . . . .	4,5	5,6	13,0	29,8
Verslunarlánasjóður . . . . .	0,5	0,6	1,0	3,6
Stofnlánadeild samvinnufélaga . . . . .	0,5	0,6	1,0	3,6
Ferðamálansjóður . . . . .	0,5	1,8	3,8	5,0
Lánasjóður sveitarfélaga . . . . .	3,0	3,4	3,8	16,6
Bygðasjóður . . . . .	0,1	1,6	21,5 <sup>2)</sup>	19,8 <sup>2)</sup>
Landflutningasjóður . . . . .	—	—	—	3,0
Framleiðsluráð landbúnaðarins . . . . .	—	—	—	30,0
Lán til annarra aðila . . . . .	6,5	9,3 <sup>3)</sup>	8,1	8,9
Lán samtals . . . . .	63,6	62,4	140,5	206,9

<sup>1)</sup> Án beinna erlendra endurlána 15,7 m.kr. <sup>2)</sup> Þ.a. vegna milligöngu Bygðasjóðs í lánum 1979: til Orkusjóðs 14,8 m.kr., og 1980: til Áhaldahúss Vegagerðarinnar 15,2 m.kr. <sup>3)</sup> Þ.a. 6,0 m.kr. til ríkissjóðs v/lánsfjárskipta við Fiskveiðisjóð.

## Lífeyrissjóðir



Ætlað er, að ráðstöfunarfé lífeyrissjóða hafi orðið um 556 m.kr. árið 1980, og er það um 64% hækkun frá fyrra ári. Af töflu VI. 5 sést, hvernig ráðstöfunarféð er samsett og hvernig lífeyrissjóðir vörðu því. Línuritið hér til hliðar sýnir ráðstöfunarféð í samanburði við þjóðhagsstærðir. Kemur þar fram, að árið 1980 var fjárhæð, sem svarar til rúmra 4% af þjóðarframleiðslu, ráðstafað til útlána og sjóðsmyndunar með milligöngu lífeyrissjóðanna. Þetta hlutfall hefur hækkað úr 2% frá byrjun síðasta áratugar og má því segja, að umfang sjóðanna hafi tvöfaldast á síðustu 10 árum. Frá 1977 hafa lög kveðið svo á, að sparnaðarkerfið, sem felst í lífeyrissjóðunum, skuli nýtt að hluta til opinberrar lánaþyrngreiðslu við atvinnuvegi og íbúðabyggingar með milligöngu fjárfestingarlánasjóða, og einnig til opinberra framkvæmda. Er talið, að 39% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða hafi runnið um þennan farveg 1980 samanborið við 35% 1979, en með lögnum er ætlast til, að 40% af ráðstöfunarfé sé þannig varið. Lífeyrissjóðir fá af þessum lánnum fulla verðtryggingu auk 3,25% ársvaxta og jafngildi ríkisábyrgðar. Kjör þessi hafa orðið ýmsum lífeyrissjóðum hvatning til þess að lána umfram lagaskyldu og má því jafnvel búast við, að hlutfallið fari fram úr skyldu á heildina litið, einkum ef dregur úr lánaeftirspurn sjóðsfélaga.


Algengast er, að lán lífeyrissjóða til sjóðsfélaga séu einnig með vísitölubindingu og 2—2,5% vöxtum á ári. Nánari upplýsingar um lífeyrissjóði er að finna í 28. og 29. töflum í viðauka.

Tafla VI.5. Fjárstreymi lífeyrissjóða.

	1978		Bráðabirgðatölur 1979		Áætlun 1980	
	Breyt- ingar		Breyt- ingar		Breyt- ingar	
	M.kr.	f.f.ári,%	M.kr.	f.f.ári,%	M.kr.	f.f.ári,%
Sparnaður . . . . .	192	75	308	60	486	58
Eigin tekjur, nettó . . . . .	66	94	123	86	213	73
Iðgjaldagreiðslur . . . . .	188	68	288	53	440	53
Fráðregnar lífeyrisgr. o.fl..	-62	72	-103	66	-167	62
Innkomnar afborganir . . . . .	25	47	31	24	70	126
Ráðstöfunarfé . . . . .	217	71	339	56	556	64
Ný útlán . . . . .	179	52	277	55	489	77
Til Byggingarsjóðs ríkisins	16	60	41	156	80	95
Til Framkv.sjóðs Íslands . .	31	138	53	71	71	34
Til annarra fjárf.lánasj. . . . .	16	100	30	87	46	53
Til ríkissj. v/lánsfj.áætl. . .	—	.	—	.	12	.
Önnur útlán . . . . .	116	33	153	32	280	83
Innstæðu- og sjóðsbreytingar	38	.	62	.	67	.



## Alþjóðleg þróun



## VII. GENGISMÁL


Breytingar á gengi helztu viðskiptagjaldmiðla heims á árinu 1980 voru minni en oft áður, sé miðað við breytingar á meðalgengi milli áramóta. Þannig var gengi Bandaríkjadollars á síðasta ársfjórðungi 1980 nánast hið sama og ári áður. Þýska markið og svissneski frankinn höfðu nokkuð lækkað, en sterlingspundið og japanska yeníð styrkst verulega. Gengi gjaldmiðla Norðurlanda annarra en Íslands hafði lítið breyst á þessu tímabili nema dönsku krónunnar, sem hafði lækkað lítið eitt.

Miklar sveiflur urðu þó á gengi helstu gjaldmiðla innan ársins. Alþjóðagjaldeyriskerfið byggist á sveigjanlegu gengi helstu gjaldmiðla, og tekur gengi þeirra því skjótum breytingum til samræmis við framboð og eftirspurn á gjaldeyrismörkuðum, sem að jafnaði endurspeglar efnahagslegar aðstæður í viðkomandi löndum. Þannig hækkaði gengi Bandaríkjadollars t.d. mikið á vormánuðum 1980 til samræmis við stórhækkandi vexti og innstreymi fjármagns til Bandaríkjanna, þrátt fyrir að verðbólga væri þar meiri en oftast áður. Gengið lækkaði síðan með lækkandi vöxtum, en hækkaði loks að nýju undir lok ársins, þegar aftur varð breyting á vöxtum til hækkunar.

Hækkun gengis japanska yensins var veruleg eftir fyrsta ársfjórðung 1980, en yeníð hafði fallið mjög næsta árið á undan. Þessi gengisbreyting virðist mjög í hátt við þá þróun, sem orðið hefur í launa- og verðlagsmálum í Japan, þar sem framleiðniaukning er mikil. Hækkun gengis breska pundisins hefur á hinn bóginn mjög veikt samkeppnisstöðu hefðbundins bresks útflutningsiðnaðar, enda að mestu til komin fyrir áhrif aukinna tekna af sölu olíu úr Norðursjó.

Í V-Þýskalandi hefur neikvæð staða á viðskiptajöfnuði leitt til heldur lækkandi gengis marksins þrátt fyrir hækkandi vexti og fjármagnsinnstreymi. Mestan hluta ársins var v-þýska markið við neðri mörk þess gengissvigrúms, sem heimilað er innan gjaldeyrisbandalags aðildarríkja Efnahagsbandalags Evrópu (EMS), ásamt ítölsku lírunni og belgíska frankanum. Franski frankinn, írski pundið og hollenska gyllinið voru hins vegar við efri mörkin.

Á meðfylgjandi línuriti má sjá þróun gengis nokkurra gjaldmiðla síðastliðin tvö ár.



Á árinu 1980 var sem fyrr sá háttur hafður á við daglega skráningu gengis á Íslandi, að breytingar á gengi þeirra gjaldmiðla, sem Seðlabanki Íslands skráði, komu fram gagnvart íslensku krónunni jafn skjótt og þær urðu gagnvart dollar. Gátu því orðið ýmsar breytingar á daglegri gengisskráningu Seðlabankans í samræmi við breytt gengi gjaldmiðla á gjaldeyrismörkuðum gagnvart dollar, enda þótt gengi krónunnar gagnvart dollar væri óbreytt. Þessi háttur var hafður á þar til snemma árs 1981, að upp var tekin viðmiðun við vegið meðalgengi þeirra gjaldmiðla, sem hér eru skráðir.

### Gengi íslensku krónunnar

Frá ársbyrjun til ársloka 1979 hækkaði gengi erlendra gjaldmiðla um 26,5%. Hækkun ársmeðaltals 1979 yfir ársmeðaltal 1978 var þó nokkru meiri eða 33,9%. Frá ársbyrjun 1980 til ársloka hækkaði gengi erlendra gjaldmiðla um 54,3% gagnvart íslensku krónu, en það þýðir 35,2% lækkun krónunnar. Fyrstu þrjú mánuði ársins var lítil breyting á gengi krónunnar, en á þessu tímabili fór gengi Bandaríkjadollars ört hækkandi gagnvart flestum Evrópumyntum. Því ákvað bankastjórn Seðlabankans með samþykki ríkisstjórnarinnar að breyta meðalgengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum til lækkunar í einu skrefi um 3% þann 31. mars 1980 til þess að jafna að nokkru það misræmi, sem skapast hafði í gengisskráningu gagnvart Evrópumyntum vegna hækkunar á gengi dollars. Eftir 31. mars 1980 var um nokkuð stöðugt og jafnt gengissig að ræða út árið.

Ársmeðalgengi íslensku krónunnar 1980 lækkaði gagnvart erlendum gjaldmiðlum um 27,4% miðað við árið áður, sem jafngildir 37,8% hækkun á erlendum gjaldmiðlum gagnvart íslensku krónu. Meðalgengi Bandaríkjadollars gagnvart íslensku krónu var á árinu 1980 36,0% yfir meðalgengi 1979, sem samsvarar 26,5% lækkun á gengi



krónunnar gagnvart dollar. Í ársbyrjun 1980 var kaupgengi dollars 394,40 og sölugengi 395,40. Í árslok var kaupgengi 623,00 og sölugengi 624,80. Nemur hækkunin 58%, sem jafngildir 36,7% lækkun á gengi krónunnar gagnvart dollar.

## VIII. ERLEND MÁL OG SAMNINGAR

### Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn átti að vanda margvísleg samskipti við erlendar peningastofnanir og alþjóðastofnanir á sviði efnahags- og fjármála á árinu 1980. Má hér m.a. nefna Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF), Alþjóðabankann (IBRD) og systurstofnanir hans, Efnahags- og framfarastofnunina (OECD), Fjárhagsnefnd Norðurlanda, norrænu seðlabankana og Alþjóðlega greiðslubankann (BIS) auk fjölda annarra viðskipta-, fjárfestingar- og seðlabanka.

Á árinu 1980 var dr. Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, aðalfulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, varafulltrúi. Aðalfulltrúi í bankaráði Alþjóðabankans og systurstofnana hans er viðskiptaráðherra, sem til 8. febrúar var Kjartan Jóhannsson, en eftir það Tómas Árnason. Varafulltrúi er fjármálaráðherra, til 8. febrúar Sighvatur Björgvins-son, en síðan Ragnar Arnalds.

Finninn Matti Vanhala var sameiginlegur fulltrúi Norðurlandanna í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til 1. nóvember, en þá tók við Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar. Dr. Gísli Blöndal, hagsýslustjóri, var varafulltrúi. Hans Lundström frá Svíþjóð var aðalfulltrúi Norðurlandanna í bankaráði Alþjóðabankans. Varafulltrúi var Valgeir Ársælsson, deildarstjóri, til 1. júlí, en Daninn Ole Lønsmann Poulsen eftir það. Fulltrúar Norðurlandanna hjá þessum stofnunum hafa aðsetur í höfuðstöðvum stofnananna í Washington, D.C.

Ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans var haldinn í Washington í lok september, og sóttu hann Tómas Árnason, Ragnar Arnalds, Jón Sigurðsson, Jóhannes Nordal og Sigurgeir Jónsson, aðstoðarseðlabankastjóri.

### Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins var með svipuðum hætti og undanfarin ár. Ný útlán á því fjárhagsári, sem lauk 30. apríl 1980, voru samtals 2,4 milljónir SDR, og hafa lánveitingar sjóðsins ekki verið minni undanfarin 6 ár. Endurgreiðslur lána til sjóðsins námu 3,8 milljónum SDR.

Íslendingar tóku ekki lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum á árinu 1980, en endurgreiðslur eldri lána námu tæplega 19 milljónum SDR.



Eftirstöðvar lána Íslands hjá sjóðnum voru 15,7 milljónir SDR í árslok 1980 eða um 125 milljónir nýkróna á gengi um áramót. Lán þau, sem enn eru ógreidd hjá sjóðnum, eru öll í flokki svokallaðra olíulána, er voru tekin á árunum 1974—1976. Gert er ráð fyrir, að þau verði að fullu endurgreidd snemma árs 1983.

Á árinu 1980 kom til framkvæmda ný 50% kvótaaukning hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, og hækkaði kvóti Íslands við það úr 29 milljónum SDR í 43,5 milljónir SDR. Lántökumöguleikar Íslands jukust samsvarandi vegna þessa, en auk þess voru aðrir lántökumöguleikar hjá sjóðnum nokkuð rýmkaðir á árinu.

Á árinu 1978 var ákveðið að efna til nýrrar úthlutunar Sérstakra dráttarréttinda á árabílinu 1979—1981. Í samræmi við þessa ákvörðun var Íslandi úthlutað rúmlega 3 milljónum SDR í upphafi árs 1979 og 1980, og sömu upphæð var úthlutað til landsins í byrjun janúar 1981.

Sendinefnd frá sjóðnum kom að vanda til landsins á árinu til viðræðna við stjórnvöld um ýmsa þætti efnahags- og fjármála.

#### Erlend lán

Seðlabankinn aflaði á árinu erlendra framkvæmdalána fyrir ríkissjóð og veitti nokkrum opinberum stofnunum og fyrirtækjum aðstoð og ráðgjöf vegna lántöku erlendis. Helstu lánin, sem tekin voru á árinu, voru 30 milljóna dollara veltilán, sem tekið var á bankamarkaði í Evrópu fyrir milligöngu Midland Bank, og lán að upphæð 35 milljónir þýskra marka, sem fengið var fyrir milligöngu Westdeutsche Landesbank.

#### Norrænt samstarf

Hinn árlegi fundur seðlabankastjóra Norðurlanda var haldinn í Bodö í Noregi í júní 1980. Á fundinum var rædd notkun stjórnækja á sviði peninga- og gjaldeyrismála auk almennra samskipta banka-anna og samstarfs þeirra á alþjóðavettvangi.

Fjárhagsnefnd Norðurlanda, sem fjallar m.a. um samstarf Norðurlandanna hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, hélt fjóra fundi á árinu, í Malmö, Reykjavík, Helsinki og Osló. Nefndin starfar að hluta til sem embættismannanefnd á vegum Norðurlandaráðs og fær sem slík til meðferðar ýmis verkefni á sviði gjaldeyris- og fjármála.

Í ágúst 1980 var haldinn í Reykjavík fundur þeirra aðila á Norðurlöndum, sem annast erlendar lántökur fyrir ríkisstjórnir landanna, en þessir aðilar hafa hist með reglubundnum hætti um nokkurt skeið og borið saman bækur sínar. Norræni fjárfestingarbankinn hefur einnig tekið þátt í þessu samstarfi og sent fulltrúa á fundi lántökuaðilanna.

Í nóvember 1980 bauð Noregsbanki til ráðstefnu hagfræðinga, sem starfa í norrænu seðlabönkunum, og var þar fjallað um fjölmörg viðfangsefni hagfræðinga í bönkunum.

## IX. UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

### Ríkisábyrgðasjóður

Eins og yfirlitið hér á eftir ber með sér voru nokkru fleiri ríkisábyrgðir veittar 1980 en árið áður og fjárhæð ábyrgða hækkaði til muna miðað við fyrra ár.

	1979		1980	
	Fjöldi	M.kr.	Fjöldi	M.kr.
Hafnargerðir og dráttarbrautir.....	14	82	15	224
Hitaveitur .....	1	3.243	—	—
Iðnaður .....	—	—	2	253
Raforkumál, virkjanir .....	2	596	—	—
Samgöngur .....	—	—	2	3.072
Togarakaup .....	—	—	1	705
Byggingarsamvinnufélög.....	3	4	—	—
Annað .....	—	—	8	1.401
	20	3.925	28	5.655

Á undanförunum árum hefur fækkað mjög nýjum ríkisábyrgðum, en kröfur, sem á sjóðinn falla, hafa farið vaxandi í krónum talið. Endurgreiðslur skuldara hafa einnig hækkað, en nettó-greiðslur úr sjóðnum hafa samt farið vaxandi, einkum á sl. ári, en þá hækkuðu nettó-greiðslur úr sjóðnum um 59% miðað við fyrra ár. Yfirlitið hér á eftir sýnir fjárhæðir innleystra krafna, endurgreiðslna frá skuldurum og nettó-greiðslur árin 1976—1979.

	1976	1977	1978	1979	1980
Innleystar kröfur .....	1.210	1.394	2.900	3.416	4.270
Endurgreiðslur skuldara .....	937	1.031	2.526	3.024	3.646
	273	363	374	392	624

### Lánaumsjá ríkissjóð

fyrir

Seðlabankinn veitir ýmsa fyrirgreiðslu í sambandi við lántökur ríkissjóðs innanlands og utan. Ríkisábyrgðasjóður annast vörslu þeirra lána, sem ríkissjóður hefur veitt af eigin fé sínu eða af andvirði lána, sem hann hefur tekið í því skyni að endurlána þau. Höfuðstóll þessara endurlána nam í árslok 1980 325.183 m.kr. og hækkaði á árinu um 167.949 m.kr. Nýjar lánveitingar námu 46.687 m.kr.



## Spariskírteini

Með fjárlögum og lögum nr. 6/1980 var fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs heimilað að gefa út innanlands ríkisskuldabréf eða spariskírteini samtals að fjárhæð 8.400 m.kr. Að auki voru heimildir til útgáfu spariskírteina í stað innleystra eldri skírteina. Samkvæmt fjárfestingar- og lánsfjáráætlun fyrir árið 1980 var hins vegar ákveðið að afla 7.000 m.kr. með útgáfu spariskírteina. Skírteini þessi voru gefin út í 2 flokkum. Í fyrra flokki voru gefin út spariskírteini að fjárhæð 3.000 m.kr. Sala þeirra hófst 15. apríl og lauk í lok júní. Í síðara flokki voru gefin út skírteini að fjárhæð 4.000 m.kr., og hófst sala þeirra 28. október og lauk í árslok. Vextir og lánstími þessara skírteina voru hinir sömu og þeirra skírteina, sem út voru gefin árið áður. Þau eru innleysanleg hvenær sem er að liðnum 5 árum frá útgáfu, en hámarkslánstími þeirra er 20 ár. Vextir eru 3% á ári fyrstu 5 árin, en meðalvextir eru 3 1/2% á ári fyrir allan lánstímann. Verðtryggingu skírteinanna var nú breytt, frá því sem áður var. Miðast hún við lánskjaravísitölu í stað byggingarvísitölu, sem áður var notuð. Grunnvísitala fyrra flokksins var lánskjaravísitala sú, sem gildi tók 1. maí, 153 stig. Grunnvísitala síðara flokksins er sú vísitala, sem tók gildi 1. nóvember, 191 stig. Nú hefur alls verið gefinn út 31 flokkur spariskírteina, hinn fyrsti 1964, samtals að nafnverði 23.463 m.kr. Alls hafa verið innleyst skírteini að nafnverði 501 m.kr. úr 20 útgefnum flokkum. Nafnverð óinnleystra skírteina er því 22.962 m.kr., en verðmæti útistandandi skírteina í árslok 1980 að viðbættum vöxtum og verðbótum nam alls 90.688 m.kr. Verðmæti þeirra skírteina, sem innleysanleg voru, nam þá 35.774 m.kr. Með stoð í lánsfjárlögum var samið við banka og sparisjóði um kaup þeirra á verðtryggðum skuldabréfum af ríkissjóði fyrir fjárhæð, er svaraði til 3% af innlánsaukningu 1980. Alls námu kaup banka og sparisjóða á slíkum skuldabréfum ríkissjóðs 2.222 m.kr. Lán þessi eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu og bera 3 1/4% ársvexti. Þau endurgreiðast með jöfnum árgreiðslum vaxta og afborgana á 15 árum.

## Önnur innlend lán

Ennfremur var leitað til lífeyrissjóða um kaup verðtryggðra skuldabréfa af ríkissjóði. Lán frá sjóðunum námu alls 1.178 m.kr. Þessi lán eru verðtryggð á sama hátt og að ofan greinir og bera sömu vexti, en endurgreiðast með 30 jöfnum hálfársgreiðslum afborgana og vaxta á 15 árum.

## Happdrættisbréf

Engin happdrættisskuldabréf voru gefin út á árinu, en á árunum 1972—1977 voru boðnir til sölu 10 flokkar happdrættisskuldabréfa samtals að fjárhæð 1.860 m.kr. Andvirði þeirra bréfa var varið til vegaframkvæmda. Happdrættisskuldabréf þessi eru verðtryggð miðað við vísitölu framfærslukostnaðar. Verðmæti bréfanna að meðtöldum verðbótum miðað við vísitölu hinn 1. nóvember nam 15.594 m.kr.

## Erlend lán

Ríkissjóður tók 3 stór erlend lán á árinu. Fyrsta lánið var tekið í febrúar hjá hollenskum banka, Bank voor Nederlandsche Gemeenten. Það var að fjárhæð 14 milljónir gyllina eða jafnvirði um 2,9 milljarða króna á lántökudegi og var endurlánað Landsvirkjun. Lánstími er 16 ár, og endurgreiðist lánið á árunum 1986—1995. Vextir eru 9 7/8% á ári. Annað lánið var tekið í júní hjá 7 erlendum bönkum fyrir milligöngu Midland Bank, Den Norske Creditbank og Christiania Bank og Kreditkasse. Lánsfjárhæð var 30 milljónir Bandaríkjadollara, sem jafngilti um 14 milljörðum kr. á lántökudegi. Lánið er til 5 ára og greiðist í einu lagi við lok láns-tímans. Heimilt er að greiða lánið fyrir og taka það að nýju, ef þurfa þykir. Heimilt er að taka lánið í fleiri myntum en dollurum. Vextir eru breytilegir, 3/8% yfir millibankavöxtum í London fyrstu 2 árin, en 1/2% síðustu 3 árin. Hluti láns þessa var tekinn í júlí, en endurgreiddur í september. Í desember voru dregnar á lánið 14 milljónir dollara, og stóð sú skuld um áramót. Fénu var varið til að fjármagna framkvæmdir skv. lánsfjáráætlun 1980. Þriðja lánið var tekið í september hjá Westdeutsche Landesbank-Girozentrale í Düsseldorf. Það var að fjárhæð 35 milljónir v-þýskra marka, sem jafngilti um 9,8 milljörðum króna á lántökudegi. Lánið er afborgunarlaust fyrstu 8 árin, en endurgreiðist með 4 jöfnum afborgunum árin 1989—1992. Vextir eru 8% á ári. Andvirði lánsins var varið til fjármögnunar ýmissa framkvæmda skv. lánsfjáráætlun 1980, einkum orkuframkvæmda.

## Orkusjóður

Framlög til Orkusjóðs námu 1.926 m.kr. auk verðjöfnunargjalds, sem nam 4.372 m.kr., og að auki var á fjárlögum framlag, merkt Orkusjóði, til greiðslu fjármagnsútgjalda vegna Kröfluvirkjunar, 3.900 m.kr. Lántökur sjóðsins námu alls 21.231 m.kr., en lánveitingar 19.701 m.kr. og skiptust sem hér segir í m.kr.:

Lán til raforkuframkvæmda .....	18.324
Hitaveitulán .....	650
Lán til jarðhitaleitar .....	684
Einkarafstöðvalán .....	43
	<hr/>
	19.701

Styrkveitingar og framlög úr Orkusjóði á árinu urðu sem hér segir í m.kr.:

Skv. 71. gr. orkulaga:	
Til sveitarafvæðingar .....	369
Til styrkingar rafdreifikerfa .....	978
Til jarðhitarannsóknna .....	45
	<hr/>
	1.347



Af verðjöfnunargjaldi:		
Til Rafmagnsveitna ríkisins .....	3.480	
Til Orkubús Vestfjarða.....	870	4.350
Annað.....		17
		<u>5.759</u>

Vaxtatekjur sjóðsins námu alls 7.884 m.kr. á árinu, en vaxtagjöld 9.214 m.kr.

#### Hafnabótasjóður

Hafnabótasjóður veitti á árinu alls 15 lán og 3 bráðabirgðalán, samtals að fjárhæð 322 m.kr., og styrki til 18 hafnarsjóða, samtals 129 m.kr. Þarna er um að ræða verulega aukningu lánveitinga miðað við fyrra ár, en þá námu þær alls 175 m.kr. Styrkveitingar drógust nokkuð saman miðað við fyrra ár, þegar þær voru 132 m.kr. Styrkveitingar skiptust þannig, að 34 m.kr. voru vegna skemmda á hafnarmannvirkjum, en framkvæmdastyrkir námu 95 m.kr. Sjóðurinn tók á árinu bráðabirgðalán hjá Framkvæmdasjóði að fjárhæð 135 m.kr. Framlag á fjárlögum var 190 m.kr. Heildartekjur sjóðsins urðu 340 m.kr., en vaxtagjöld 145 m.kr.

#### Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

Starfsemi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins á árinu 1980 einkenndist eins og árið áður af verulegum greiðslum verðbóta, og gildi það um meirihluta þeirra afurða, sem sjóðurinn nær til. Á heildina litið hélt verðlag fremur stöðugt, ef undan eru skilin frystur hörpudiskur og loðnumjöl, en verðlag á þessum afurðum fór þó nokkuð hækkandi, er líða tók á árið. Hins vegar mótaðist framvindan eins og reyndar oft áður af kapphlaupi milli hækkunar framleiðslukostnaðar annars vegar og hækkunar afurðaverðs í sumum tilvikum og þó einkum gengisbreytinga hins vegar. Reyndist eins og fyrr óhjákvæmilegt að taka tillit til þessara viðhorfa við ákvörðun viðmiðunarverða.

Allt útlit er fyrir, að greiðslur verðbóta á framleiðslu ársins 1980 verði um 8.890 m.g.kr., og nær það til freðfisks, saltfiskafurða og mjöl- og lýsisafurða. Eina undantekningin er frystur hörpudiskur, en gert er ráð fyrir um 257 m.g.kr. greiðslu í sjóðinn af þeirri afurð. Með þessu hefur verið gengið verulega á allar inneignir hjá sjóðnum, ef skreiðarafurðir eru undanskildar, og er allt útlit fyrir, að innstæða freðfisks fái ekki risið undir fullum verðbótakröfum vegna framleiðslu á árinu 1980 og vanti þar á um 220 m.g.kr. Í þessu sambandi má geta þess, að stjórnvöld hafa lýst því yfir, að þau muni gera Verðjöfnunarsjóði kleift að standa undir verðbótum, er á kunnri að vanta vegna framleiðslu freðfisks á tímabilinu frá 1. janúar 1981 til 31. maí 1981.

Endanlegt uppgjör liggur fyrir um greiðslur (verðhækkunatekjur og verðbætur) vegna framleiðslu ársins 1979, en uppgjóri fyrir framleiðslu ársins 1980 er hins vegar enn ekki að fullu lokið, og eru því tölur ársins 1980 í eftirfarandi yfirliti að nokkru byggðar á áætlun:

*Greiðslur Verðjöfnunarsjóðs eftir framleiðsluárum.*

<i>Í millj. g.kr.</i>	<i>Framleiðsla 1979</i>		<i>Framleiðsla 1980</i>	
	<i>Innheimt</i>	<i>Útgreitt</i>	<i>Innheimt</i>	<i>Útgreitt</i>
Frystar fiskafurðir .....		334,6		2.762,8
Freðfiskur .....		487,6		3.020,8
Humar .....	34,5		0	0
Rækja .....	0	0	0	0
Hörpudiskur .....	118,5		257,2	
Saltsild .....		105,3	0	0
Saltfiskafurðir .....		1.560,3		2.620,0
Saltfiskur, óverkaður .....		1.465,3		2.590,0
Saltfiskur, verkaður .....		95,9	0	0
Söltuð ufsaflök .....	0,9			30,0
Skreið .....	0	0	0	0
Mjöl- og lýsisafurðir .....		3.154,3		3.249,3
Mjöl .....		2.222,4		1.171,3
Loðnummjöl .....		1.907,3		930,0
Spærings- og kolm.mjöl .....		33,0		16,3
Fiskmjöl .....		282,1		225,0
Lýsi .....		931,9		2.078,0
Loðnulýsi .....		931,9		2.078,0
Samtölur afurða .....	153,9	5.308,4	257,2	8.889,3
Samtölur deila .....		5.154,5		8.632,1
Samtölur Verðjöfnunarsj. nettó ..		5.154,5		8.632,1

Heildarinnstæða Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum nam 11.699 m.g.kr. í árslok 1979, en 8.857 m.g.kr. í árslok 1980. Átti mjöl- og lýsiseildin mest fyrra árið, en frystiafurðadeildin það síðara. Eftirfarandi yfirlit sýnir innstæður í árslok 1979 og 1980 ásamt breytingum á árinu 1980, skipt eftir deildum.

<i>Í m.g.kr.</i>	<i>Stofn- fjárd.</i>	<i>Frysti- afurðad.</i>	<i>Salt- sildard.</i>	<i>Salt- fiskd.</i>	<i>Skreið- ard.</i>	<i>Mjöl- og lýsisd.</i>	<i>Alls</i>
Innst. 31/12 '79....	136	3.347	168	3.253	899	3.896	11.699
Inngr./útgr.....	—	—2.949	—107	—3.150	—1	—3.309	—9.516
Gengisuppf.....	77	1.668	56	1.245	520	1.036	4.602
Vextir <sup>1)</sup> .....	22	508	18	392	149	349	1.438
Framlag frá gengism. 1978 <sup>2)</sup> ....	—21	469	11	118	—	57	634
Innst. 31/12 '80....	214	3.043	146	1.858	1.567	2.029	8.857

<sup>1)</sup> Vextir voru 13,74%, þ.e. meðalvextir ríkisvixla í Bandaríkjunum og Bretlandi.

<sup>2)</sup> Hér er um að ræða endanlegt uppgjör varðandi fyrri gengismunarreikninginn ásamt uppgreiðslu (500 m.g.kr.) frá hinum síðari. Hlutur Verðjöfnunarsjóðs í þeim fyrri, 65%, nam 1.488,6 m.g.kr. Endanlegu uppgjöri fyrir síðari reikninginn er enn ekki lokið, en áætlað er, að hlutur Verðjöfnunarsjóðs, 50%, geti numið um 4.000 m.g.kr.



## X. ÝMISLEGT UM STARFSEMI BANKANS, LÖGGJÖF OG FLEIRA

### Breyting á lögum um stjórn efnahagsmála

Með bráðabirgðalögum um ráðstafanir til viðnáms gegn verðbólgu, nr. 87 frá 31. desember 1980, var gerð breyting á ákvæði til bráðabirgða í 33. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., sem varðar vaxtaáskvarðanir Seðlabankans skv. 13. gr. laga bankans nr. 10/1961. Efnislega fjallar breytingin um lengingu aðlögunartíma, sem ákveðinn var með lögum nr. 13/1979, til að koma á verðtryggingu sparifjár og inn- og útlána, frá árslokum 1980 til ársloka 1981.

Auk þess kveða bráðabirgðalögin svo á, að stofna skuli til verðtryggðra sparifjárreikninga í bönkum og sparisjóðum, þar sem binda megi fé til sex mánaða. Ákvæðinu er bætt við 36. gr. laga nr. 13/1979.

### Vaxtabreytingar á árinu 1980

Á árinu var vöxtum við innlánsstofnanir alls breytt þrisvar sinnum. Fyrsta vaxtabreytingin tók gildi hinn 1. júní og var um almenna vaxtabreytingu að ræða, sem fól í sér 2,5%—4% hækkun á verðbótapætti vaxta, en grunnvextir héldust óbreyttir. Hér var um að ræða einn áfanga í að koma á verðtryggingu sparifjár og lánsfjár skv. ákvæðum laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl.

Hinn 1. júlí tók í gildi önnur vaxtabreyting ársins, sem m.a. heimilaði innlánsstofnunum að taka á móti sparifé á verðtryggða innlánsreikninga. Innstæður á reikningum þessum skyldu vera verðtryggðar miðað við lánskjaravísitölu og auk þess bera 1% vexti á ári. Binditími stofninnstæðna skyldi vera 2 ár, en að þeim tíma liðnum 12 mánuðir. Samhliða heimild þessari var ákveðið að hækka vexti á verðtryggðum útlánnum, sem miðast við lánskjaravísitölu, úr 2% í 2,5% á ári.

Hinn 21. september tók gildi síðasta vaxtabreyting ársins, sem fól í sér lækkun á afurðalánvöxtum vegna útflutningsframleiðslu á lánnum, sem miðast við gengi Bandaríkjadollars, úr 8,5% í 4% á ári. Í kaflanum um peningamál er rætt frekar um vaxtabreytingar á árinu, og í töfluviðauka er yfirlitstafla um vexti einstakra flokka inn- og útlána (33. tafla).

## Seðlar og mynt

Í árslok 1980 voru seðlar og mynt í umferð um 23,6 milljarðar króna og höfðu aukist á árinu um 36,8%, en árið áður var aukningin 35,2% og árið 1978 39,5%.

Hlutdeild 5000 kr. seðla í seðlamagninu fór stöðugt vaxandi á árinu og var í árslok 1980 90,1%, 1000 kr. seðlar voru 6,5%, 500 kr. seðlar 1,6% og 100 kr. seðlar 1,8%. Fjöldi seðla í umferð var þá um 10,4 m. stk., þar af 5000 kr. 4,1 m. stk., 1000 kr. 1,5 m. stk., 500 kr. 0,7 m. stk. og 100 kr. 4,1 m. stk. eða jafnt og 5000 kr. seðla.

Seðlagreiningardeild bankans bærust til vinnslu 23,2 milljónir seðla á árinu 1980, samtals að fjárhæð 63,2 milljarðar króna, og er það um 20% aukning seðlafjölda, en um 62% aukning seðlafjárhæðar.

Í mynttalningu voru taldar um 10,2 milljónir peninga að fjárhæð samtals 326,7 millj. króna, og er það heldur minna en á sl. ári (allt gamlar krónur).

## Starfsemi bankaeftirlitsins

Á árinu 1980 gerði bankaeftirlitið heildarathugun á efnahag og rekstri 39 banka og sparisjóða. Auk þess voru gerðar athuganir hjá 3 innlánsdeildum samvinnufélaga. Þá tók bankaeftirlitið þátt í endurskoðun á tveimur verkefnum, sem unnið er eftir í Reiknistofu bankanna, þ.e. ávísana- og hlaupareikningsverkefninu og víxlaverkefninu. Ennfremur átti bankaeftirlitið þátt í samningu aðalbók-haldslykils fyrir innlánsstofnanir á vegum Reiknistofu bankanna. Fyrir utan athuganir á staðnum fer verulegur hluti af starfi bankaeftirlitsins fram með athugunum á mánaðarlegum upplýsingum innlánsstofnana í skýrsluformi auk athugana á ársreikningum þeirra svo og skýrslugerð þeim samfara. Auk þess sinnir bankaeftirlitið fjölmörgum öðrum verkefnum, er varða innlánsstofnanir í landinu.

Fjöldi banka, sparisjóða og innlánsdeilda samvinnufélaga var sem hér segir í árslok 1979 og 1980:

	Árslok 1980	Árslok 1979
Viðskiptabankar .....	7	7
Bankaútibú .....	76	74
Umboðsskrifstofur banka .....	20	20
Sparisjóðir .....	42	42
Umboðsskrifstofur sparisjóða .....	2	2
Innlánsdeildir samvinnufélaga .....	33	33
Afgreiðslustaðir alls	180	178

Á árinu opnaði Alþýðubankinn h.f. útibú að Suðurlandsbraut 30 í Reykjavík, og Landsbanki Íslands opnaði umboðsskrifstofu á Tálknafirði. Þá var umboðsskrifstofu Samvinnubankans á Stöðvarfirði breytt í útibú.

